

SKÓLAVARÐAN

5. tbl. 9. árg. ágúst/september 2009

Málgagn Kennarasambands Íslands



FRAMHALDSSKÓLI MOSFELLSBÆJAR SETTUR Í FYRSTA SINN

Listkennsla

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Verkleg eðlisfræði

Líðan ADHD barna í skólanum

Gagnvirkar töflur

Kennaramenntun á vettvangi

KRÓNAN



í takt við tímann

SPARAÐU Í KRÓNUNNI!



Ávaxta- og grænmetistorg
Ferskleiki og hollustá!



Bakað á staðnum!
Alltaf nýbakað



Kjöt og fiskur
Kjótvinnsla á staðnum



Lífrænt og hollt
Ótrúlegt úrval!

Gerðu þinn eigin
INNKAUPALISTA
á www.kronan.is

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðunna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórafélag Íslands (SÍ).



Ljósmynd frá höfund

Aðalheiður Steingrimsdóttir
formaður Félags framhaldsskólakennara

Stöðugleikasáttmáli – og hvað svo?

Kennarasamtökin tóku þátt í gerð stöðugleikasáttmála fyrir í sumar ásamt öðrum stéttarfélögum í landinu, viðsemjendum og stjórnvöldum. Þar eru talin upp ýmis mikilvæg verkefni sem á að vinna að og sett fram meginmarkmið. Meðal mikilvægra markmiða er að styrkja stöðu heimila, verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störf á vinnumarkaði eins og hægt er. Í sáttmálanum er mikilvæg vörn fyrir opinbera starfsmenn gegn því að kjör þeirra verði rýrð með lagasetningu eða öðrum stjórnvaldsaðgerðum.

Íslenskt samfélag glímir við afleiðingar tvöfaldrar efnahagskreppu í þeim skilningi að við erum bæði að takast á við áhrif efnahagskreppu á heimsvísu og síðan afleiðingarnar af hruni íslensks fjármálakerfis sérstaklega. Orsakir hrunsins eru af ýmsum toga en þó tróna þar hæst græðgi og siðblinda í fjármálalífi og næst í röðinni andvaraleysi þeirra sem voru við stjórnvölinn í landinu og skortur á opinberu eftirliti með fjármálastofnunum sem léku lausum hala.

Einstaklingar og fjölskyldur sem stóðu höllum fæti fyrir hrunið eru enn berskjaldaðri núna og veruleg hættu er á að þeim fjölgi umtalsvert sem eiga ekki fyrir daglegum nauðpurftum vegna atvinnuhammsis, minni atvinnutekna og fjárhagslegra erfiðleika. Nú þegar er sá hópur sem leitar til hjálparsamtaka um aðstoð orðinn fjölmennari en áður hefur þekkst hér á síðari tímum. Foreldrar geta ekki staðið straum af skólagöngu barna sinna eða námsvist ungmenna í framhaldsskóla. Það gengur ekki upp að hagsmunir lánveitenda hafi forgang í þeim úrræðum sem eru núna til fyrir skuldsett heimili og fjölskyldur. Viðurkenna þarf að alger forsendubrestur hefur átt sér stað í samfélaginu og stokka þarf málin upp út frá því.

Talsverður niðurskurður varð á þjónustu við nemendur í skólum landsins á síðasta skólaári. Á næstunni kemur fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2010 fram og þá sést hvaða forgang starfið með nemendum og nauðsynleg þjónusta við þá hefur fengið samkvæmt markmiðum sáttmálans. Þetta á einnig við um áætlanir og forgangsroðun sveitarfélaga. Öngþveiti skapaðist á höfuðborgarsvæðinu fyrir í sumar við innritun inn í framhaldsskóla. Upplýsingar herma að fjölmörg ungmenni muni ekki komast að í framhaldsskólum á þessu skólaári. Sá hluti fjarnáms framhaldsskóla sem einkum hefur sinnt fólki sem ekki er á hefðbundnum framhaldsskólaaldri er skorinn niður. Það er rík ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af því að tímarnir

Það er rík ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af því að tímarnir framundan gætu einkenst af tilviljunarkenndum og skammsýnum ákvörðunum í skólamálum því yfirsýn vantar og áætlun til lengri tíma um forgangsroðun í starfsemi skóla.

framundan gætu einkenst af tilviljunarkenndum og skammsýnum ákvörðunum í skólamálum því yfirsýn vantar og áætlun til lengri tíma um forgangsroðun í starfsemi skóla.

Fyrir bankahrunið var kaupmáttarrýrnun orðin veruleg vegna þenslu og verðhækkana. Síðan bætist við, vegna hrunsins, stöðnun í launum og launapróun, beinn tekjusatdráttur og niðurskurður á launum. Í raun má segja að það uppbyggingarstarf sem átt hefur sér stað á undanförnum árum milli samningsaðila við kjarasamningsborðið sé orðið að engu.

Dreifstýrð launakerfi og það markmið að nota rekstrarafgang til að bæta kjör daga uppi við núverandi aðstæður. Miklu heldur gera aðstæðurnar núna kröfu um bein og milliliðalaus samskipti samningsaðila um fjölmörg atriði sem skipta meira máli en áður. Stéttarfélög og viðsemjendur þeirra þurfa að gera áætlanir fram í tímann um aðferðir og tímasetningar við að ná launum og kjörum upp þegar eðlilegar aðstæður skapast á ný til kjarasamningsgerðar með þátttöku stjórnvalda.

Mikilvægur hluti af því að skapa sátt í samfélaginu og þar með stöðugleika er að endurreisa traust, trúverðugleika og að þeir axli ábyrgð á hruninu sem hana eiga að bera. Innleiða þarf siðbót og nauðsynlegar breytingar með lýðræðislegum hætti og í því verkefni þurfa m.a. kennarasamtökin að taka þátt með öðrum samtökum launafólks.

Aðalheiður Steingrimsdóttir

Ert'ekki að djóka, herra Feynman!



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

“Þú verður að vita í hvað höfn þú stefnir til þess að fá byrinn sem ber þig þangað“. Þetta er haft eftir þeim vitra Seneca sem mér finnst alltaf svolítið góður. Ástæða þess að ég vitna í karlinn núna er ástandið í skólakerfinu. Við erum með nýjan menntamálaráðherra sem er öflugur en hefur tæpast gefist ráðrúm til að átta sig á því hvað snýr upp og hvað niður í skólamálum þjóðarinnar, tíminn í stóli er skammur og verkefnafarganið á öllum ráðherrum meira en nokkru sinni. Við erum með missvelt sveitarfélög og sveitarstjórnir í öngum sínum. „Ástandið“ má samt ekki slá okkur öll svo gjörsamlega út af laginu að við hringsólum stefnulaust á miðju hafi. Vita stjórnendur menntamála í landinu í hvaða höfn þeir ætla? Kennarar vita nokk hver þeirra höfn er: Jafnrétti til náms og velferð nemenda. Að halda utan um nemendur og koma þeim heilu og höldnu í gegnum þetta allt saman. En hvar er byr að fá? Það eru skrítn skilaboð að vilja verja fé í nýjan einkagrunnskóla á meðan skorið er svo við nögl í löngu þurrausnum almennum skólum að allir fingur eru löngu orðnir blóðrísar. Hvað eru stjórnvöld í Reykjavík að hugsa? Hefur kreppan farið fram hjá þeim? Og hvað með laun þeirra skilaneðarmanna, svo annað nýumfjallað dæmi sé tekið. Er mikilvægara að viðhalda ofurlaunum lögfræðinga en sjá til þess að börn komist í sveitaferð með skólanum? Að ekki sé minnst á að þau fái að borða og geti jafnvel leyft sér þann munað að fá aðstoð við heimanámið á skólatíma? Þetta leiðir hugann að margumræddum tveimur stéttum í þessu landi og skynsamlegum áhyggjum fólks af sívaxandi stéttamun og breikkandi fyrirlitningargjá á alla bóga. Mig langar að rifja upp eina sögu í þessu samhengi. Fyrir tuttugu og fimm árum keypti ég mér bók sem ég á enn og er í miklu uppáhaldi hjá mér. Hún samanstendur af frásögnum Richard P. Feynman,

nóbelsverðlaunahafa í eðlisfræði. Hann sagði þessar sögur (úr eigin lífi) vini sínum sem skráði þær síðar niður. Þegar Richard var búin með fyrsta stig síns háskólanáms í MIT var honum ráðlagt að prófa fleiri skóla á ferlinum og gekk til liðs við Princeton. Þar var allt með öðrum brag og ákaflega enskt. Einhvern fyrstu daganna var honum boðið í „tea“ og þegar frú gestgjafans spurði hvort hann tæki teið sitt með mjólk eða sítrónu varð Richard það á að svara: “Bæði.” Og frúin svaraði að bragði: „Surely you’re joking, Mr. Feynman.“ Á íslensku: „Þér eruð að gera að gamni yðar, herra Feynman.“ Eins og gefur að skilja fannst Richard allt snobbaðra og leiðinlegra í Princeton en MIT. Til að byrja með. Svo fór hann að kafa dýpra og komst að því að hlutirnir eru aldrei jafn klipptir og skornir og þeir líta út fyrir að vera. Í Princeton voru rannsóknargræjurnar til að mynda gjarnan smærri í sniðum en í MIT og fyrir vikið var hægt að grauta í þeim án þess að þurfa að nota krana. Menningin og skólabragurinn var fyrst og fremst bara öðruvísi, sumt var betra – annað síðra. Íslenskir skólar eru líka ólíkir og sömuleiðis við einstaklingarnir. Sú vá er fyrir dyrum að í kreppu förum við að einblína á stéttamun og annað sem við teljum að greini okkur að og finna því allt til foráttu. En það er ekki mælikvarði á manngildi hvort þú ekur svona eða hinsegin bíl. Og ef þú rispar Bensinn í næsta húsi þarftu sjálfur að borga - á endanum. Eitt það besta sem kennarar geta gert í kreppunni er það sem þeir eru hvort eð er alltaf að gera: Vera öflugir málsvavar fjölbreytni og jafnréttis.

Gleðilegt haust!

Kristín Elfa Guðnadóttir.

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Stöðugleikasáttmáli – og hvað svo?	3	Námsgögn: Eflum verklega kennslu í náttúruvísindum	18
Leiðari: Ert'ekki að djóka, herra Feynman!	4	Eðlisfræði: Verkleg kennsla í eðlisfræði á unglingastigi	19
Gestaskrif: Listkennsla: Kennarinn og listamaðurinn	5	Skólinn: Flæði – leikskólinn Ugluklettur í Borgarnesi	22
Viðburður: Nýr framhaldsskóli settur	8	Hagnýt kennslufræði: Gagn og gaman – um gagnvirkar töflur í kennslu	23
Kjaramál: Trúnaðarmenn	10	Kennaranámskeið: Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni	26
Tilkynningar, auglýsingar, teiknimyndasagan Skóladagar	11	Fréttir og tilkynningar: Ráðstefna, boð um fyrirlesara o.fl.	28
Námshögn: Skólavefurinn.is	12	Smíðshöggvið: Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum	29
Kennaramenntun: Á vettvangi	14		
Námskeið: Púlsinn á gleði, fræðslu og útrás	16		

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is
Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is
Umsjónarmaður félagatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115
Hönnun: Zetor ehf.
Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Skólameistari og aðstoðarskólameistari eftir setningu hins nýja Framhaldsskóla Mosfellsbæjar.
Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959
Prentun: Ísafold
Skólavarðan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

LISTKENNSLA

Kennarinn og listamaðurinn



Kristín Valsdóttir

Hugleiðingar byggðar á fyrirlestri höfundar sem haldinn var á ráðstefnunni Listir og sköpun í skólastarfi í Breiðholtsskóla þann 14.ágúst 2009. Samtök áhugafólks um skólaþróun skipulögðu ráðstefnuna.

Afi og amma

Móðuramma mín og afi spiluðu bæði á píanó. Það var þó ekki launavinnan þeirra – nema ömmu að hluta. Afi rak verslun í litlu sjávarplássi og skrifstofan hans var þínulítil skonsa með einu skrifborði, hillum og skjalaskáp og risastóru píanói. Skrifborðið og píanóið stóðu horn í horn þannig að nóg var að snúa stólnum níutíu gráður og þá gat afi vippað sér úr bókhaldinu yfir í dægurbítl þeirra daga ásamt klassík eftir eyranu því hann var að mestu sjálflærður á hljóðfærið. Þannig róaði hann hugann frá tölum og spilaði undir með kórum og einsöngvurum. Hennar hafði tæmt tónana úr höfðinu og gat snúið sér að bókhaldinu á ný.

Amma var hins vegar klassískt menntuð, meira segja frá háborg evrópskrar menningar, þar sem hún hafði farið til náms í Berlín á fjórða áratugnum, beint frá Seyðisfirði. Hún var hjúkrunarkona, sem hún lærði til eftir að hafa hrökklast heim úr Þýsklandi nasista, en kenndi á píanó í tónlistarskóla staðarins og spilaði undir með kórum og einsöngvurum. Hennar leikur var alltaf agaður, stilltur og aldrei lék hún annað en Beethoven, Mozart eða uppáhaldið, Chopin. Píanóið var státt í stofunni skreytt stytum af meisturunum sem hún hafði keypt á ferðalögum um Evrópu.

Afi spilaði aldrei svo ég heyrði á hennar píanó. Og aldrei fór hún á kontórinn hans til að spila. Þau spiluðu hvort sína tónlist, hvort í sínum heimi. Ég fékk hins vegar að glamra að vild á kontórgarminn en spila á stofustássið undir strangri en dyggri aðstöð ömmu.

Ég velti því þess vegna mikið fyrir mér sem barn hvort önnur spilamennskan væri merkilegri eða flottari en hin, hvort það væri munur og af hverju hann stafaði. Hvort þeirra fyllti lífið tónlist á sinn hátt, en tónlistarlíf þeirra sköruðust þó ekki nema að litlum leiti. Bæði upplifðu þau tónlistina sem lífsfyllingu, gleðigjafa sem þau iðkuðu

Afi spilaði aldrei svo ég heyrði á hennar píanó. Og aldrei fór hún á kontórinn hans til að spila. Þau spiluðu hvort sína tónlist, hvort í sínum heimi.

Við höfum flest hæfileikann til að verða tónlistarmenn, sjónlistarmenn, leikarar, dansarar eða allt þetta, í okkar eigin lífi. Við höfum hins vegar mismikinn áhuga, þekkingu og aðgengi.

með sjálfum sér en einnig í góðra vina hópi þegar þannig stóð á.

Nú í seinni tíð hef ég hugsað til baka til þeirra sómahjóna og séð þessa ólíku nálgun þeirra sem eitt birtingarform á hlutverki listgreina í samfélaginu. Listin sjálf og listræn tjáning eða sköpun eru bæði hluti af því að vera manneskja: að tjá sig á fjölbreytilega hátt, eins og afi, og starfsvettvangur listamanna sem kjósa að mennta sig formlega og gera hana að lífsstarfi sínu að öllu leyti eða hluta, eins og amma. Eins og þau hjónin þá eru þessi tvö birtingarform bundin órjúfanlegum böndum í tilverunni.

Listamaðurinn

Þegar fjallað er um listir og listamenn í okkar vestræna samfélagi hefur verið tilhneiging til að flokka þá í sérstakan hóp. Til er mýtan um listamanninn sem fékk náðargáfu í vöggugjöf, vinnur ekki innan ramma og þarf að vinna að eigin hugðarefnum á eigin tíma eftir eigin hentugleikum.

Ég efast ekki um að listamenn hafi miklar gáfur en fæstir eru fæddir með yfirburða hæfileika umfram aðra, þó það sé vissulega til. Auðvitað og sem betur fer erum við sem manneskjurnar næm á ólíka hluti og misliðug, misfljót að sjá form og mynda þau og misfljót að læra tóna. En rannsóknir sem gerðar hafa verið, til dæmis á meðal framúrskarandi hljóðfæraleikara, hafa allar gefið sömu niðurstöðu: það er æfing, iðni og aftur æfing og þrautseigja sem skilar

meistaratónlistarmönnum áfram. Eða eins og sagt er, fimm prósent „talent“ og níutíu og fimm prósent sviti og tár.

Sá uppruni sem listiðkun sprettur úr, að tjá sig, er mannlegur og hann er í okkur öllum. Við höfum flest hæfileikann til að verða tónlistarmenn, sjónlistarmenn, leikarar, dansarar eða allt þetta, í okkar eigin lífi. Við höfum hins vegar mismikinn áhuga, þekkingu og aðgengi. Það þýðir ekki að við eigum að ekki að þjálf þessa eiginleika þeirra sem koma í skólann og hafa ekki notið þeirra forréttinda að hafa einhvers konar listsköpun og handverk í kringum sig í sínu daglega lífi. Að mínu mati er það réttur barna í samfélagi sem skyldar þau í skóla í u.þ.b. sex klukkustundir daglega, í hundrað og áttatíu daga á ári í tíu ár af ævi sinni, að sinna þeim hluta mennskunnar og menningar okkar sem eru listir og handverk. Það á ekki að vera í aukahlutverki eða eftir því hvort stofur eða kvóti er til staðar heldur sjálfsagður hluti almennrar menntunar hverrar manneskju.

Listkennsla

Ef við viljum gera vel, hljóta að vakna spurningar um hvað við eigum þá að kenna í listgreinum og hvernig kennara við eigum að mennta. Í mínu starfi sem tónmenntakennari á öllum skólastigum í rúmlega tuttugu ár er þessi spurning eilíffðarverkefni sem ég velti fyrir mér út frá ýmsum sjónarhornum.

Ég tel það eigi að vera markmið okkar

Að mínu mati er það réttur barna í samfélagi sem skyldar þau í skóla í u.þ.b. sex klukkustundir daglega, í hundrað og áttatíu daga á ári í tíu ár af ævi sinni, að sinna þeim hluta mennskunnar og menningar okkar sem eru listir og handverk.

Að teikna fiðlu, læra að stafa orðið, skoða myndir af henni og fá vitneskju um að hið mikla tónskáld Bach átti tólf börn er ekki að kenna tónlist.

að mennta kennara sem geta sinnt hvoru tveggja, í fyrsta lagi að efla listræna tjáningu allra í gegnum fjölbreytt verkefni og í tengslum við margvíslega vinnu og aðrar greinar, í öðru lagi að næra og kynna listina á sínum eigin forsendum og í gegnum listsköpun. Og þá undir leiðsögn sérhæfðra listkennara og listamanna sem hafa tækni og þekkingu til að takast á við skapandi og raunveruleg verkefni í listsköpun.

Hvað þýðir það að kenna listina á eigin forsendum? Ef ég tek dæmi úr tónlistinni, sem stendur mér næst, er það sem gerir tónlistarkennslu að tónlistartíma að nemendur upplifi tónlist á eigin skinni – allir – ekki bara þeir sem við flokkum sem „músíkalska“. Markmiðið á að vera að allir taki þátt í tónlistarflutningi – spili, syngi, klappi, stappi, fremji, semji – og fái fjölbreytt tækifæri til að að bregðast við tónlist. Að teikna fiðlu, læra að stafa orðið fiðla, skoða myndir af hljóðfæri og fá vitneskju um að hið mikla tónskáld Bach átti tólf börn eða fara með margföldunartöfluna í ákveðnum takti er ekki að kenna tónlist (í merkingunni að mússisera eða að efla sköpunarkraft). Það er heldur ekki tónlistarkennsla að hlusta á tónlist í bakgrunni þegar maður er að vinna að einhverju öðru. Allt sem hér var upptalið getur verið fróðlegt, skemmtilegt og gagnlegt. Það er bara ekki tónlistarkennsla. Það er almenn og góð fræðsla og í sumum tilvikum fjölbreyttir kennsluhættir. Að upplifa tónlist á eigin skinni er allt önnur reynsla.

Kennaramenntun

Ef við viljum efla skapandi og fjölbreytt skólustarf þá þurfum við vel menntaða almenna kennara sem virkja sem flest tjáningarform mannins í vinnu með nemendum. Við eigum líka að mennta sérhæfða listgreinakennara sem geta unnið með nemendum og kennurum að sérhæfðari verkefnum á sviði lista og lagt skólustarfi til sérþekkingu sína og hæfni. Þannig hlúum við að öllum hliðum; skapandi tilveru mannsins

(skapandi tjáningu og listum sem þætti í allri mannlegri tilvist), eflingu hæfileika þeirra sem sýna sérstakan áhuga og færni á þessu sviði og loks leyfum við listinni að dafna í skólanum eins og annars staðar.

Til eru vel menntaðir listamenn og listgreinakennarar sem ná ekki til nemenda sinna og til eru kennarar með almenna kennslufræði eða sérhæfingu í öðrum greinum sem eru frábærir listkennarar. Færni til að virkja nemendur og miðla liggur ekki í sérþekkingunni sjálfri. Þar þurfa fleiri þættir að koma til. Við undirbúning stofnunar listkennsludeilda við Listaháskóla Íslands nú í haust settist ég niður með góðu listafólki og kennurum þar sem við reyndum að draga fram mikilvæga þætti í fari og þekkingu listgreinakenna, óháð skólastigi. Sá listi reyndist verða ansi langur. Samkvæmt niðurstöðu þessa hóps þarf *Listgreinakennarinn* að:

1. búa yfir fagkunnáttu; bæði almennri, fræðum og sögu, ásamt tækni og verklegri færni.
2. hafa skipulagshæfileika og þekkingu og kunnáttu á kennsluleiðum og miðlun ásamt því að vera fær um að tjá sig á skipulegan og eðlilegan máta.
3. vera staðfastur og jarðbundinn en búa yfir hugmyndaauðgi og frjóu ímyndunarafl.
4. hafa kjark til að fara út fyrir rammann og gera mistök, sýna einnig skilning, víðsýni, fordómaleysi og taka ábyrgð.
5. vera orkumikill, hafa gott úthald, vera lífsglaður.
6. hafa sýn og trú á mikilvægi listgreinakennslu, vera bjartsýnn og sjá æðri tilgang með vinnu sinni.

Eins og sjá má á þessari upptalningu er það er ekki lítið sem ein manneskja þarf að hafa til brunns að bera. Og sennilega er ekki allt upptalið enn. Í menntun og þjálfun kennara almennt hefur fyrstu tveim þáttunum mest verið sinnt að mínu mati

enda eru þeir hugsanlega áþreifanlegastir. Kennaraefni læra að skipuleggja sig inn í skólarammann, læra kenningar um uppeldi, sálarfræði og kennsluhætti, um námskrár og námskrárgerð, ásamt sérhæfingu á ákveðnu skólastigi og/eða í einhverju fagi.

Í þriðja og fjórða lið eru þættir sem oft eru taldir sem einstaklingsbundnir eiginleikar. Þó er unnið með þá í kennaranámi þar sem nemendur eru hvattir til að finna eigin leiðir í starfi, búa til eigið kennsluefni og koma til móts við ólíka nemendur ásamt því að þjálfast í að vinna með ólíkum hópum á vettvangi og læra að takast á við sigra og ósigra í kennslu. Orka, lífsgleði og úthald eru þættir sem listgreinakennarar nefna sem mikilvæga þætti í sínu starfi og þó ekki sé alltaf augljóst hvernig þeir eru þjálfaðir þá geta skólayfirvöld stuðlað að þeim öllum með góðum aðbúnaði og skilningi á eðli og mikilvægi listgreina í skólakerfinu.

Sjötti og síðasti liðurinn kemur síðan inn á trú, sýn og ástríðu gagnvart verkefninu. Sumum virðist það kannski fjarlægur hlutur að hægt sé að þjálf slíkt hjá einstaklingum en það er vissulega hægt og að mínu mati afar mikilvægur þáttur í þjálfun og menntun kennara. Að hafa trú á því sem maður er að vinna, ástríðu gagnvart viðfangsefninu og trúa á að það hafi ótvíræð áhrif til góðs er sá munur sem gerir kennara að góðum kennara og leiðtoga.

Það er ekki nóg að þjálf verkfærni, skipulagskunnáttu og kennslutækni. Þú þarft að vita hvað þú vilt gera sem kennari - trúa á mikilvægi skapandi vinnu og listiðkunar. Þetta reynist haldbætra en þekking á listgrein þegar kemur að því að skipuleggja kennslu yngri nemenda. Þegar hinsvegar þarf að byggja ofan á verk- og listkunnáttu í eldri bekkjum grunnskóla og í menntaskóla reynir, jafnframt öllu hinu, meira á að kennarinn þekki vel sína grein og kunni sjálfur til verka.

Listgreinakennsla stendur því miður er ekki öllum unglingum til boða og er lítið sinnt á framhaldsskólastigi, nema helst í sérskólum. Því tel ég mikla og ríka ástæðu til þess að fá vel menntað fólk í listgreinum í kennslu og miðlun sem geta bætt við flóruna í íslenskum grunns- og framhaldsskólum og tekið við keflinu af kennurum yngri barna.

Vel ræktað ímyndunarafl, öguð, greinandi hugsun, verkfærni og tjáningarríkur líkami er sá ábati sem góð listkennsla veitir börnunum okkar. Um það snýst listuppeldi og til að þau fáið notið þessa þurfum við kennara með fjölbreytta menntun. Það er hins vegar ekki sjálfgefið að halda í sérmenntaða listkennara í grunnskólum.

Söngur á föstudögum kl. 8:30-09:10

Kennsluform list- og verkgreina hefur verið í endurskoðun undanfarinn áratug. Í Evrópu hefur sú leið víða verið farin að minnka aðgreiningu milli greina og setja flest fög á hendur einum umsjónarkennara. Er það gert með það að leiðarljósi að vinna þverfaglega

og að umsjón yngri nemenda sé mest á einni hendi. Hugmyndin um þverfaglega vinnu er mjög góð meðan hún útilokar ekki að kennarar sem til þekkja komi að sérhæfðum greinum. Það er ekki hægt að ætlast til að einn kennari kunni skil á öllum námsgreinum og það er skólastarfi varla til góðs að vera með of einsleitum starfshóp. Að auki er tilbreyting nemendum jafn nauðsynleg og okkur fullorðna fólkinu á vinnudeginum.

Margir íslenskir skólar hafa sett upp svokallað lotukerfi þar sem greinar eru kenndar fleiri tíma á viku í nokkrar vikur á ári. Þetta fyrirkomulag virðist henta í sumum greinum en ekki öðrum. Það er til dæmis mjög sérkennilegt að syngja fimm sinnum í viku í sex vikur og svo ekki meir. Það er hins vegar líka sérkennilegt að syngja einu sinni í viku á föstudagsmorgnum milli 8:30 og 09:10, en þetta er sá rammi sem stundaskrá setur greinum og vinnu kennara og nemenda í flestum skólum.

Mikið og öflugt þróunarstarf á sér stað í mörgum grunnskólum landsins. Vonandi leiðir það til þess að starfsmenn finni sífellt betri lausnir til að sinna vinnu sinni sem er að þroska og mennta nemendur. Það er hins vegar ljóst að það er engin endanleg lausn til eða ein leið til að raða upp og skipuleggja kennslu listgreina, eða annarra greina, því skólar eru lifandi stofnanir með lifandi fólki

**Þú þarft að vita hvað þú vilt gera sem kennari -
trúa á mikilvægi skapandi vinnu og listiðkunar.**

Tilbreyting er nemendum jafn nauðsynleg og okkur fullorðna fólkinu á vinnudeginum.

sem breytist og mótast með einstaklingum og tíðaranda.

Listrænn stjórnandi

Ég á mér þá ósk að við horfum hátt og vítt í menntakerfi okkar og brjótumst undan þeim ramma sem fellir vinnu allra kennara í sama mót - og að við getum ráðið kennara með ólíkan bakgrunn í ólík verkefni. Sem dæmi gæti skóli ráðið tónlistarstjóra í fullt starf þó hann hefði ekki marga fasta tíma á stundarskrá. Slíkur tónlistarstjóri gæti komið og unnið með bekkjum og kennurum þeirra þegar það passar inn í verkefni. Hann gæti haldið utan um almennan söng, svo sem morgunsöng, og ýmsar upptakur innan skólans, fundið til efni fyrir almenna

kennara sem gætu sungið og notað tónlist í sínu daglega starfi, séð um samstarf við tónlistarskóla og aðrar stofnanir í hverfinu og svo mætti lengi telja. Þannig myndum við halda í sérþekkingu, fá tilbreytingu en jafnframt sjá til þess að einn kennari hafi umsjón með nemendahópi. Þannig getur skólinn haldið í ofurlítið af ömmu, þ.e. sérmenntaðan listmann sem auðgar menningarlíf skólans með sérþekkingu sinni og listgáfu, og svoltið af afa, sem notar listina sem leið til að auga eigið líf.

Kristín Valsdóttir

Höfundur er deildarforseti listkennsludeildar LHÍ

**Menntamálaráðuneytið veður athygli á
Evrópska tungumáladeginum 26. september
2009 og hvetur skóla til þess að vekja
áhuga nemenda á tungumálum og gildi
símenntunar í tungumálum.**



Nýr framhaldsskóli settur

Fyrsta skólasetning hins nýja framhaldsskóla í Mosfellsbæ fór fram fimmtudaginn 20. ágúst í húsnæði skólans að Brúarlandi í Mosfellsbæ, því sögufræga húsi sem teiknað var af lærlingi Guðjóns Samúelssonar. Sjötíu nemendur hófu nám við skólann í haust.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tók á móti gestum er þá bar að garði og í upphafi athafnar var tónlistaratriði frá Listaskóla Mosfellsbæjar þar sem Hróbjartur Böðvarsson lék á píanó, Ragnheiður Erla Björnsdóttir söng og Reynir Þorsteinsson lék á bassa. Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari bauð gesti velkomna. Hún rakti undirbúninginn að stofnun skólans og sagði frá stefnu hans sem tekur mið af samfélaginu hér í bænum og kennir sig við auðlindir og umhverfi. Hér er bæði átt við auðlindir í náttúrunni og mannaud, með áherslu á lýðheilsu og menningar-legar auðlindir. „Stærsta hlutverk og meginmarkmið skólans,“ sagði Guðbjörg meðal annars, „er að bjóða nemendum upp á metnaðarfullt nám við hæfi hvers og eins.“

Að þessu loknu flutti Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra ávarp með tengingum við Innansveitarkróniku Halldórs Kiljans Laxness og Árni Páll Árnason, fyrsti þingmaður kjördæmisins, hélt tölu þar sem hann meðal annars hvatti skólann til þess að vera í stöðugri leit að því besta, í stað þess að festast í hefðum.

Næst á dagskrá var annað tónlistaratriði með þeim Ragnheiði Erlu og Reyni en nú var það Sigríður Thorlacius sem sat við píanóið. Þá talaði Haraldur Sverrisson bæjarstjóri Mosfellsbæjar og fagnaði þessum áfanga sérstaklega og færði skólanum skólabjölluna að gjöf. Ragnheiður Ríkharðsdóttir formaður skólamefnar skólans flutti hressilegt ávarp og færði skólanum kyndil og Ingibjörg Guðmundsdóttir skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík kom einnig færandi hendi en hún færði skólanum bókargjöf. Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari sagði skólann settan, sló í skólabjölluna og bauð gestum að þiggja veitingar.

Við athöfnina voru um hundrað manns viðstaddir; nemendur, starfsfólk skólans og gestir.

Jón Eggert Bragason

Höfundur er aðstoðarskólameistari Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.



Nokkrar lykiláherslur FMOS

Auðlindir og umhverfi í víðum skilningi
Góð tengsl við allt mannlíf í Mosfellsbæ.
Virgni og sjálfstæði nemenda
Fjölbreyttar verkefna miðaðar kennsluáðferðir
Námsmat alltaf í gangi og miðast við hugmyndir um leiðsagnarmat
Upplýsingatækni, m.a. allt námsefni, áætlanir og verkefni í kennslukerfi skólans á netinu
Sveigjanleg stundatafla
Metnaðarfullt nám
Óflugt félagslíf

Námsbrautir í FMOS

Almenn námsbraut
Íþróttar- og lýðheilsuþbraut
Listabraut
Félags- og hugvísindabraut
Náttúruvísindabraut

Sjá nánar á fmos.is



Á vef Lýðheilsustöðvar fyrir ungt fólk fylgir gagnvirk síða þessari mynd, þar sem nemendur fá meiri upplýsingar um tóbak og skaðleg áhrif þess:

www.lydheilsustod.is/ungt-folk/tobak/sagt-er-satt-er/

Einnig er margt fleira fræðsluefni um heilsu og vellíðan á þessari síðu.

! Heilsa og lífstíll

! Áfengi

! Tóbak

! Önnur vímuefni

! Útgefið efni

SAGT ER UM REYKINGAR ...
SATT ER ...

SAGT ER:
„Reykingar hjálpa manni að grænast“

SATT ER:
Íslenskar rannsóknir sýna að unglingar sem reykja ekki velja frekar hollari mat, hreyfa sig meira og hafa betra þol en þeir sem reykja.
(HESC, 2008)

SAGT ER:
„Það er flott að reykja“

SATT ER:
Ílla lyktandi fót, andfýla, gular tennur og bólur. Hversu flott er það?

SAGT ER:
„Það kostar ekki mikið að reykja“

SATT ER:
Miðað við að sigarettupakkur kosti 600 krónur þá kaupir reykingsfólk tóbak að meðaltali fyrir 4.200 kr. á viku sem er um það bil 18.000 kr. á mánuði og 220.000 kr. á ári!

SAGT ER:
„Það er ekkert svo alvarlegt að byrja að reykja. Maður hættir bara seinna“

SATT ER:
Flestir sem reykja byrja fyrir 16 ára aldur en mjög fáir byrja eftir tóningsárin. Langflestir sem reykja vilja hætta og nánast allir (90%) sjá eftir að hafa byrjað. Mörgum tekast samt ekki að hætta þrátt fyrir margar tilraunir.

SAGT ER:
„Reykingar skaða ekki unginga og heilbriggt fólk“

SATT ER:
Reykingar skaða þig strax. Lungun hætta að starfa almennlega, þóð minnkar og líkaminn þroskast ekki á eðlilegan hátt.

SAGT ER:
„Reykingar eru algengar og flestir unglingar reykja“

SATT ER:
Stöðugt færri Íslendingar reykja. Nýlegar rannsóknir sýna að aðeins lítil minnihluti íslenskra unglinga reykir og þeim fer fækkandi með ári hverju.
(ESPAD, 2007)

! Hægt er að nálgast áhugavert efni um tóbak og tóbaksvarnir á heimasíðunni


www.lydheilsustod.is



LÝÐHEILSUSTÖÐ



Trúnaðarmenn



Ljósmynd: Steinunn Jónasdóttir

Ingibjörg Úlfarsdóttir
launafulltrúi KÍ

Trúnaðarmenn eru fulltrúar Kennarasambands Íslands á vinnustað varðandi framkvæmd kjarasamnings og réttargæslu félagsmanna og fara með með lögbundið hlutverk á vinnustað. Trúnaðarmannakerfið er öflugt og mikil samskipti við félagsmenn eru í gegnum trúnaðarmenn KÍ. Hér verður stiklað á því helsta varðandi störf og verkefni trúnaðarmanna en þau geta verið aðeins mismunandi milli aðildarfélaga.

Skólastjórafélag Íslands hefur til að mynda enga trúnaðarmenn á vinnustöðum þar sem færri en fimm stjórnendur eru, formenn svæðafélaga sinna hlutverki þeirra gagnvart félagsmönnum á sínu svæði og auk þess eru félagsmenn SÍ oft í beinu sambandi við skrifstofu sína hjá KÍ. Þegar FG og SÍ höfðu einn og sama kjarasamninginn var trúnaðarmaður þeirra sameiginlegur en eftir að félögin fengu hvort sinn kjarasamninginn á síðasta ári er svo ekki lengur.

Trúnaðarmenn Félags framhaldsskólakennara gegna einnig örlítið frábrugðnu hlutverki miðað við hin félögin þar sem við hvern framhaldsskóla er starfandi félagsdeild og hver framhaldsskóli er með sinn stofnanasamning auk gildandi kjarasamnings. Trúnaðarmenn FF eru oft fulltrúar kennara í samstarfsnefndum og taka þar með þátt í gerð og framkvæmd stofnanasamninga á sínum vinnustað. Þess má geta að fulltrúar kennara í samstarfsnefndum framhaldsskóla njóta einnig þeirra réttinda sem lög nr. 94/1986 tryggja trúnaðarmönnum.

Í 13. gr. laga KÍ segir: „Stjórn Kennarasambands Íslands hlutast til um að trúnaðarmaður og öryggistrúnaðarmaður séu kjörnir á hverjum vinnustað þar sem félagsmenn þess starfa, sbr. lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Stjórnir félaga skulu halda fundi og námskeið með trúnaðarmönnum svo oft sem þurfa þykir. Trúnaðarmenn skulu kjörnir til tveggja ára í senn og skal félagsstjórn og forstöðumanni stofnunar tilkynnt skriflega um kjör hans. Hverfi trúnaðarmaður úr starfi í viðkomandi skóla eða stofnun áður en kjörtímabili hans lýkur skal kjósa trúnaðarmann í hans stað til tveggja ára.“

Þegar nýr trúnaðarmaður hefur verið kosinn þarf að tilkynna það til skrifstofu KÍ til Sigríðar Sveinsdóttur sigridur@ki.is á þar til gerðum eyðublöðum (FG, FL, FT, SÍ). Tilkynninguna má nálgast og prenta út á vef KÍ undir liðnum „eyðublöð“ og þarf hún að vera

Á vef KÍ geta trúnaðarmenn aðildarfélaga sótt ýmsar hagnýtar upplýsingar um trúnaðarmannastarfið á undirsíðum sinna aðildarfélaga og þar er farið ítarlegar í þau atriði sem hér er minnst á. Trúnaðarmenn geta svo ýmist beint fyrirspurnum um framkvæmd kjarasamnings og réttindamál til formanns eða fulltrúa síns aðildarfélags, eða til launafulltrúa KÍ.

undirrituð af trúnaðarmanni og skólastjóra/forstöðumanni til þess að tryggja réttarstöðu trúnaðarmanns. Í framhaldsskólum eru trúnaðarmenn kosnir á félagsfundum félagsdeilda. Formaður félagsdeilda hefur það hlutverk að koma skriflegri staðfestingu um kosningu trúnaðarmanns til skólameistara og stéttarfélags. Ef starfsmenn eru færri en fimm er æskilegt að tilnefna einn starfsmann sem tengilið við stéttarfélagið.

Í 5. kafla laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem fjallar um trúnaðarmenn segir m.a. að á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. fimm menn vinna sé starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem fimmtíu eða fleiri vinna má hins vegar kjósa tvo trúnaðarmenn. Í sömu lögum segir einnig að trúnaðarmaður skuli gæta þess að vinnuveitendur og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé virtur. Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma og þarf að gera yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni og einnig skal honum veitt aðstaða til þess að, meðal annars, eiga samtöl við samstarfsmenn sína og hafa aðgang að síma.

Þó verkefni trúnaðarmanna séu bundin í lög byggjast þau einnig á hefðum sem skapast hafa um störfin. Verkefni trúnaðarmanna í skólum eru ýmis konar, svo sem að kynna trúnaðarmannabréf sem berast, veita leiðbeinandi upplýsingar varðandi kjarasamning og réttindi, sækja trúnaðarmannanámskeið og fræðslufundi sem hvert félag innan KÍ heldur fyrir sína trúnaðarmenn, vera áheyrndur að starfsmannasamtölum óski viðkomandi kennari eftir því, stjórna atkvæðagreiðslum á vinnustað, kynna stéttarfélagið fyrir nýjum félagsmönnum og eiga samstarf við öryggistrúnaðarmann um eftirlit með aðbúnaði og öryggi á vinnustað.

Trúnaðarmenn þurfa að vera vel upplýstir um ákvæði laga nr. 94/1986 en þar segir

meðal annars: „Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfann.“ Í sömu grein segir einnig að trúnaðarmaður eigi ekki að gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hafa tekið að sér starf trúnaðarmanns. Óheimilt er að lækka trúnaðarmann um launaflokk meðan hann sinnir sama starfi* og sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

Á vef KÍ geta trúnaðarmenn aðildarfélaga sótt ýmsar hagnýtar upplýsingar um trúnaðarmannastarfið á undirsíðum sinna aðildarfélaga og þar er farið ítarlegar í þau atriði sem hér er minnst á. Trúnaðarmenn geta svo ýmist beint fyrirspurnum um framkvæmd kjarasamnings og réttindamál til formanns eða fulltrúa síns aðildarfélags, eða til launafulltrúa KÍ. Almennu fyrirspurnum um efni kjarasamninga og réttindamál er hægt að beina til mín, launafulltrúa KÍ, þar sem ég starfa fyrir öll aðildarfélög sambandsins.

Núorðið fara mikil samskipti milli trúnaðarmanna og KÍ fram með tölvupósti og því er afar mikilvægt að netföng trúnaðarmanna séu rétt í félagatali KÍ. Ég vil hvetja trúnaðarmenn til þess að nýta þjónustu KÍ og einnig til að nota tölvupóstinn og koma á framfæri upplýsingum um kjarasamninga og réttindamál til samstarfsfólks síns í skólunum. Svo hvet ég auðvitað alla félagsmenn að senda mér áfram spurningar í tölvupósti á netfangið ingibjorg@ki.is. Eða hafa samband í síma 595 1111.

*Launaröðun umsjónarkennara í Félagi grunn-skólakennara gæti þó breyst fækki nemendur sem hann hefur umsjón með.

Ingibjörg Úlfarsdóttir
Launafulltrúi KÍ

Umsóknir um námslaun vegna framhaldsnáms skólaárið 2010-2011

Verkefna- og námsstyrkjasjóður Félagsgrunnskólakennara og Skólastjórafélags Íslands auglýsir eftir umsóknum félagsmanna í grunnskólum um námslaun vegna framhaldsnáms á skólaárinu 2010-2011.

Væntanlegir styrkþegar fá greidd laun á námsleyfistíma í allt að tólf mánuði eftir lengd náms.

Umsóknir berist til Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík fyrir 1. okt. 2009.

Eyðublað fást á skrifstofu sjóðsins og heimasíðu Kennarasambandsins www.ki.is. Nánari upplýsingar veita fulltrúar sjóðsins á skrifstofu Kennarasambandsins.



Boð á norræna ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum Grand Hótel Reykjavík 21. og 22. september 2009

Ráðstefnan hefst að kvöldi 21. september og er þátttakendum að kostnaðarlausu. Hún fer fram á tungumálum Norðurlandanna og ensku og verður túlkuð.

Ráðstefnan er kjörinn vettvangur fyrir skólafólk, foreldra, fræðimenn, stjórnmálamenn og alla þá sem vilja fræða og fræðast um jafnrétti í námi og starfi.

Skráning á slóðinni <http://formennska2009.jafnretti.is> fyrir 14. september

Breyttar reglur FG og FL um styrkveitingar vegna framhaldsnáms, skólagjöld og fæðingarstyrkir

Stjórn Visindasjóðs FL og Vonarsjóðs FG vekja athygli félagsmanna á breytingum á úthlutunarreglum um styrki vegna framhaldsnáms.

Áður þurfti lágmark tíu/fimmtán eininga nám (20-30 ECTS) til að fá styrk.

Núna er hægt að sækja um fyrir hverja einingu sem lokið er. Sótt er um eftir hverja önn, umsókn (B-hluti) ásamt vottorði skilað með upplýsingum um fjölda ECTS eininga sem hefur verið lokið og fengnar kr. 5.000 fyrir hverja einingu.

SKÓLAGJÖLD

Félagsmenn, athugið að hægt er að sækja um styrk til að greiða skólagjöld vegna framhaldsnáms svo fremi sem einstaklingsstyrkur/starfsmenntunarstyrkur viðkomandi félagsmanns er ekki fullnýttur.

Sem dæmi má nefna félagsmenn FG eiga rétt á kr. 120.000 á tveggja ára tímabili í einstaklingsstyrk (starfsmenntunarstyrk). Setjum svo að félagsmaður hafi nýtt sér kr. 100.000 af þeirri upphæð, þrír mánuðir séu þar til árin tvö eru liðin en hann hygggi á nám í HÍ þar sem skólagjöld eru kr. 45.000. Þá getur hentað honum betur að biða í þrjá mánuði með að sækja um styrkinn fyrir skólagjöldunum því ella fær hann ekki nema kr. 20.000 og þarf að greiða kr. 25.000 úr eigin vasa.

Þar sem hvert aðildarfélag KÍ er með eigin sjóð og úthlutunarreglur eru félagsmenn hvattir til að kynna sér reglurnar í sínum sjóði. Allar upplýsingar eru á www.ki.is

FÆÐINGARSTYRKIR

Við minnum á að frá og með 1.janúar 2009 hefur Sjúkrasjóður KÍ greitt út fæðingarstyrki til félagsmanna í stað Fjölskyldu- og styrktarsjóðs áður. Upphæðin er kr. 200.000 (kr. 125.600 eftir skatt) miðað við fullt starf í sex mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma. Skilyrði er að sjóðfélagi/félagsmaður fari með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Vegna fjölbura fæðinga eru greiddar kr. 70.000 fyrir hvert barn umfram eitt.

Útfylla þarf sérstakt eyðublað sem nálgast má á www.ki.is. Umsókn skal fylgja ljósrit af fæðingavottorði barns. Fæðingavottorð eru gefin út af Hagstofunni. Allar umsóknir sem berast fyrir 20. hvers mánaðar eru afgreiddar um næstu mánaðarmót.

Með kveðju, María Norðdahl og Sigrún Harðardóttir
Fulltrúar sjóða KÍ

GLEÐIÞJÁLFUN



Skólavefurinn.is

Það er í einu orði sagt ofboðslega skemmtilegt að sækja Skólavefinn heim. Andrúmsloftið er kokteill af frumkvöðlahugsun, gleði, samvinnu og því besta frá staðalmyndinni af nörd, árátukenndum áhuga á viðfangsefninu. Á þriðja þúsund íslenskra heimila eru með áskrift hjá Skólavefnum og fer fjölgandi þegar liður á skólaárið. Um 95 prósent grunnskóla á landinu nota Skólavefinn, leikskólar hafa sína eigin síðu á vefnum og nú er kominn undirvefur fyrir framhaldsskólann, [Framhaldsskóli.is](#). Skólavefurinn er því farinn að þjónusta nemendur frá leikskóla og að háskóla.

Það var heitt á könnunni þegar ég datt inn og spjallaði við þá Pál Guðbrandsson markaðs- og kynningarstjóra og Ingólf B. Kristjánsson ritstjóra og námsefnishöfund. „Okkar kredda,“ sagði Páll, „er að nýta alla miðla. Hljóð, mynd, hreyfimynd og gagnvirk tölvuefni.“ „Þannig teljum við að við getum náð til sem flestra nemenda,“ bætir Ingólfur við. „Ef þú lærir ekki af því að lesa efni getur verið að það opnist fyrir þér ef þú heyrir það lesið upp fyrir þig. Og svo framvegis.“ „Ingólfur er algjör hamhleypa til verka,“ segir Páll brosandi. „Hann setur inn nokkra nýja efniþætti á dag. Enda erum við að fara að endurnýja viðmótið okkur til að koma þessu öllu fyrir á sem mest aðlaðandi og aðgengilegastan máta.“

Að losna úr fjötrum

Fleiri nýjungar eru hjá Skólavefnum en framhaldsskólavefurinn og má þar fyrst nefna heildstætt námsefni í íslensku fyrir miðstig grunnskóla, 5. - 7. bekk, sem er byrjað að kenna í Sjálandsskóla og fer í útgáfu nú í september. Þetta eru þrjár lesbækur og þrískipt vinnubók á lausblöðum, allt til að setja í möppu. Námsefnið tekur til allra þátta námskrár og framsetning þess er með öðrum hætti en áður hefur tíðkast. Allir textar lesbókanna eru fánlegir sem hlustunarskrár á neti í þremur útgáfum, lesnir upp af konu, af karli og loks í hægum lestri. Það sem hefur vakið sérstaka athygli og ánægju meðal kennara er meðal annars að allir nemendur hafa eins útlitandi möppur þótt þeir séu ekki allir með samskonar námsefni og þar með eru þeir nemendur sem vinna ef til vill hægar eða á annan hátt ekki sérmerktir sem slíkir. Aukaverkefni eru til í fleiri útgáfum á vefnum, bæði léttari og þyngri en grunnurinn, þau er hægt að prenta út og smella í möppuna. Auk þess eru til lesbækur með stærra lettri og auknu bili á milli orða. Í fyrstu atrennu verður nýbúastuðningur á ensku og pólsku og fyrirhugað er að bæta fleiri tungumálum við. Efnisspurningar og orðskýringar eru á þessum tungumálum auk íslensku og á vef er einnig hægt að fá hugtakaskýringar á öllum tungumálum þremur. Gagnvirkni er

í hávegum höfð og öll verkefni sem á annað borð geta verið gagnvirk eru sett á vefinn í því formi. Höfundar heildstæða íslensku-námsefnisins eru þeir Baldur Hafstað, Ingólfur B. Kristjánsson, Sigurður Konráðsson og Þórður Helgason. Námsefnið dregur nafn sitt af fjötrunum sem héldu Fenrisúlfi: Læðingur, Drómi og Gleypnir. Það má því að segja að fjótrar fávískunnar losni af manni, einn af öðrum, eftir því sem náminu vindur fram!


Bókautgáfa, saga og stærðfræði

Að frátaldrí vefútgáfu er Skólavefurinn er líka farinn að prenta námsbækur. Gagnvirkni er á millivefjarins og prentbókanna, því öllum bókunum fylgir stuðningsefni á vef og margar þeirra eru líka fánlegar sem vefbækur. Prentútgáfan hófst í fyrra og búið er að gefa út tuttugu og sex titla. Nú þegar hafa verið seldar um fimmtán þúsund bækur.

Í deigluinni er námsefni þar sem öll Íslandssagan er tekin fyrir, ein öld í senn. Mikið er stuðst við tímalínur í þessar metnaðarfullu útgáfu sem lítur dagsins ljós á vetri komanda og er fyrir nemendur frá og með 5. bekk og upp í framhaldsskóla.

Þá er um það bil að verða tilbúið námsefni um heimsstyrjaldirnar tvær. Dr. Geir Sigurðsson á veg og vanda af þessu efni og systir hans, Mjöll Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður og veitingahúsa eigandi í Kólombíu, hefur tekið heimildaviðtöl í mynd við breska hermenn og gyðinga af meginlandinu sem flúðu til Bretlands í seinni heimsstyrjöldinni. Þess má geta til gamans að argentínskur unnusti Mjallar hefur myndskreytt talsvert fyrir Skólavefinn.

Á vefnum [Framhaldsskóli.is](#) eru tveir magn-



Páll Guðbrandsson markaðs- og kynningarstjóri, Jökull Sigurðsson framkvæmdastjóri og Ingólfur B. Kristjánsson ritstjóri og námsefnishöfundur.

aðir stærðfræðivefir.

Annar heitir *Stærðfræðiskýringar*. Þar eru útskýrð öll helstu hugtök sem nemendur í efri bekkjum grunnskólans og fyrstu áföngum framhaldsskóla eiga að ná tökum á í stærðfræði, bæði í texta og með myndbandskenndu. Þetta eru alls um áttatíu hugtök og eitt til fjögur kennslumyndbönd fylgja hverju verkefni.

Hinn vefurinn heitir *Stærðfræðikennarinn*. Þetta námsefni er samið af kennurum í ellefu breskum háskólum með gífurlega háum ríkisstyrkjum. [Skólavefurinn.is](#) festi kaup á því síðasta vetur en það skemmtilega er að grunnhugmyndin er fyllilega sambærileg við *Stærðfræðiskýringar*. Stærðfræðikenninn tekur við þar sem *Stærðfræðiskýringum* sleppir og kynnir til sögunnar flóknari hugtök.

Ingólfur og Páll hvetja nemendur, kennara og foreldra til að hringja eða senda tölvupóst ef vantar upplýsingar um eitthvað tengt [Skólavefnum.is](#) og [Framhaldsskóla.is](#). „Við heimsækjum líka skóla,“ segja þeir félagar sem hafa farið vítt og breitt þessara erinda á stór-Reykjavíkursvæðinu og einnig á haustþing til Akureyrar og víðar. Síminn er 551 6400 og netfangið skolavefurinn@skolavefurinn.is

keg

Námsleyfi grunnskólakennara og skólastjórnenda 2010–2011

Umsóknarfrestur um námsleyfi grunnskólakennara og stjórnenda grunnskóla fyrir skólaárið 2010–2011 er til og með 12. október 2009.

Stjórn Námsleyfasjóðs hefur ákveðið að við úthlutun verði sett í forgang nám sem tengist kennslu í lestri og læsi.

Skal allt að 1/3 námsleyfa úthlutað vegna þessa. Umsækjandi, sem æskir námsleyfis, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum og skuldbindingum, sbr. reglur Námsleyfasjóðs:

Hafa gegnt kennslustarfi í 10 ár samtals, í eigi minna en hálfu starfi, og verið í starfi sl. fjögur ár.

Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.

Ljúka 60 ECTS eininga háskólanámi eða sambærilegu námi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýttast viðkomandi í því starfi sem hann er

ráðinn til að sinna.

Að loknu námsleyfi skal námleyfishafi senda stjórn sjóðsins innan fjögurra mánaða staðfest vottorð skóla um nám í námsleyfinu.

Enginn getur fengið hærri fjárhæð í námsleyfi en sem nemur tveggja ára föstum launum á starfsævi viðkomandi.

Laun í námsleyfi miðast við starfshlutfall námsleyfisþega næsta ár áður en námsleyfi hefst eða meðaltal síðustu þriggja ára ef það er herra.

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi. Rafræn umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is. Nánari upplýsingar um Námsleyfasjóð veitir Guðfinna Harðardóttir í síma 515 4900 eða í tölvupósti á gudfinna.harardottir@samband.is.

Í öruggum höndum í bíl frá okkur



Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarpi og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

Flottir bílar - frábær þjónusta



Hafðu samband:

Iceland Excursions - Allrahanda

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Sími: 540 1313

www.allrahanda.is - ruta@allrahanda.is

***Iceland*excursions**
Allrahanda



Á vettvangi

Ný uppbygging kennaranáms – Heimaskólar – Mikið samstarf



Sigríður Pétursdóttir

Ljósmynd frá höfund

Allt frá því að kennaranám hófst á Íslandi fyrir rúmum eitt hundrað árum hefur starfsþjálfun kennaraefna farið fram í skólum. Þau orð sem notuð hafa verið um nám kennaranema á starfsvettvangi hafa breyst í gegnum tíðina, talað var t.d. um kennsluæfingar, æfingakennslu og nú er það orðið vettvangsnám sem notað er.

Eins og allt annað í samfélagi okkar er kennaramenntunin í stöðugri þróun og tekur breytingum samhliða breyttum áherslum í skólakerfinu á Íslandi og í löndunum í kringum okkur. Undanfarna áratugi hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á að *tengja betur saman fræði og starf*. Stórt skref var stigið í þá átt í Kennaraháskóla Íslands (nú Menntavísindasvið HÍ) haustið 2007. Þá tók gildi ný skipan kennaranáms og hófu nýnemar nám skv. því en flestir eldri nemar stunduðu áfram nám skv. þeirri námsskipan sem gildi þegar þeir hófu nám. Nú er svo komið að á skólaárinu 2009–10 munu allir kennaranemar í leik- og grunnskólakennarafræði stunda nám skv. nýja skipulaginu.

Nám til B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði er nú skipulagt með eftirfarandi hætti:

- Sameiginleg námskeið fyrir nemendur í leik- og grunnskólakennarafræði (40e)
- Grunnnámskeið í kennslufræði grunnskóla (30e / þar af 10Ve)
- Námskeið á kjörsviðum (80e / þar af 14Ve)
- Lokaverkefni (10e)
- Valnámskeið (20e)

Kennaranemar velja eitt kjörsvið, en alls eru fjórtán í boði. Námið er í nánum tengslum við vettvang og vettvangsnám er samþætt fræðilegum undirbúningi. **Vettvangsnám er nú hluti grunnnámskeiða og kjörsviðsnámskeiða.**

Eftir sem áður er vettvangsnám að lágmarki tólf vikur á námstímanum til B.Ed.-gráðu, eða 24 vettvangseiningar (Ve). Grunnnámskeið í kennslufræði grunnskóla eru samtals 30e, þar af eru 10Ve á vettvangi. Kjörsviðin eru 80e, þar af eru 14Ve. Skipulag vettvangsnáms má sjá í meðfylgjandi töflu. Nánari upplýsingar eru á nýjum vef vettvangsnáms í kennaradeild [vefsetur.hi.is/vettvangsnam/grunnskolakennarafraskipulag_vettvangsnams](http://www.vefsetur.hi.is/vettvangsnam/grunnskolakennarafraskipulag_vettvangsnams).

Markmiðið með því að flétta vettvangsnám inn í námskeið er að tengja betur saman fræði og starf í kennaranámi. Í þessu



Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson

SKIPULAG OG ÁHERSLUR Í VETTANGSNÁMI Í GRUNNSKÓLAKENNARAFRÆÐI.

B.Ed.-nám í grunnskólakennarafræði er skipulagt sem þriggja ára nám (sex misseri). Ekki eru allir nemar í fullu námi og tekur það þá lengri tíma. Ávallt er mikilvægt að neminn byggji á því sem á undan er komið í kennaranámi og fái góða leiðsögn og samræður við kennara um frammistöðu sína jafnt og þétt í vettvangsnámi. Kennaranemar eru alltaf 30 klukkustundir á vettvangi fyrir hverjar 2Ve.

Nánari upplýsingar um viðfangsefni eru í námskeiðslýsingum hverju sinni.

Misseri:	Grunnnámskeið: Vettvangsnám er samtals fimm vikur (10Ve) í grunnnámskeiðum.	Kjörsviðsnámskeið: Vettvangsnám er samtals sjö vikur í kjörsviðsgrein (14Ve).
1. Misseri	Nám og kennsla: Inngangur Vettvangsnám fimm dagar (2Ve) Fimm daga kynning á heimaskóla og starfsemi hans. Nemar glöggva sig á ýmsum hugtökum sem fjallað er um í námskeiðinu á vettvangi.	
2. Misseri		Nemar kynna kennslu kjörsviðsgreinar sinnar og námsefni grunnskólans í greininni. Þeir aðstoða kennara og eru eins virkir í skólastarfinu og mögulegt er. Í sumum kjörsviðum er gert ráð fyrir að nemar kenni nokkrar kennslustundir eða stýri viðfangsefnum undir umsjón kennara.
3. Misseri	Eitt af eftirtöldum námskeiðum: • Barnið á yngsta stigi grunnskólans • Nám og kennsla á miðstigi • Nám og kennsla unglinga Vettvangsnám tíu dagar (4Ve) Áhersla er á kennslu- og kennarafræði viðkomandi skólastigs. Nemar læra m.a. að gera kennsluáætlun , undirbúa kennslu og kenna u.þ.b. 25-30 kennslustundir á tímabilinu.	Á sumum kjörsviðum er vettvangsnám í eina viku á 3. misseri og er þá mögulegt að tengja það við skipulag grunnnámskeiðsins.
4. Misseri		Nemar byggja á grunnnámskeiði á 3. misseri, æfast í að undirbúa kennslu og kenna, fylgja greinakennurum og aðstoða þá, auk þess að taka þátt í almennu skólastarfi, miðað er við að kenna 15 stundir á viku.
5. Misseri		Nemar byggja á reynslu í vettvangsnámi á 4. misseri, og æfast í að undirbúa kennslu og kenna, fylgja greinakennurum og aðstoða þá auk þess að taka þátt í almennu skólastarfi.
6. Misseri	Nám og kennsla – Fagmennska kennara Vettvangsnám tíu dagar (4Ve) Fjallað verður m.a. um starfskenningu kennaranemans, siðfræði og velferð barna. Hugmyndir eru um að nemar hafi umsjón með einum námshópi og kenni fleiri greinar en kjörsviðsgrein sína.	Á sumum kjörsviðum er vettvangsnám í eina viku á 6. misseri og er þá mögulegt að tengja það við viðfangsefni grunnnámskeiðsins á misserinu.

Markmiðið með því að flétta vettvangsnám inn í námskeið er að tengja betur saman fræði og starf í kennaranámi. Í þessu nýja skipulagi fara flestir kennaranemar í vettvangsnám á öllum misserum, yfirleitt í eina til þrjár vikur á hverju misseri. Til viðbótar við einingabært vettvangsnám í grunn- og kjörsviðsnámskeiðum er gert ráð fyrir að öll námskeið í grunnskólakennarafræði og leikskólakennarafræði hafi vettvangstengingar.



nýja skipulagi fara flestir kennaranemar í vettvangsnám á öllum misserum, yfirleitt í eina til þrjár vikur á hverju misseri. Til viðbótar við einingabært vettvangsnám í grunn- og kjörsviðsnámskeiðum er gert ráð fyrir að öll námskeið í grunnskólakennarafræði og leikskólakennarafræði hafi vettvangstengingar. Vettvangstengingar geta verið með ýmsu móti; það geta verið athuganir, viðtöl, litlar rannsóknir o.s.frv.

Af þessu má sjá að í kennaranáminu er gert ráð fyrir miklum samskiptum við starfs- vettvanginn í leik- og grunnskólum. Því var ákveðið að fara af stað með þróunar- verkefni um vettvangsnám, svokallað **heimaskólaverkefni**. Í því felst að allir kennaranemar fá einn grunnskóla sem sinn **heimaskóla** sem þeir eiga aðgang að allan námstímann til B.Ed.-gráðu og leikskólakennaranemar fá tvo heimaleikskóla. Þar fer vettvangsnám þeirra fram og þangað geta þeir leitað ef þeir þurfa á að halda í verkefnavinnu eða öðru.

Markmiðið með því að hafa einn/tvo heimaskóla er að kennaraneminn fái tækifæri til að kynnst öllum hliðum skólastarfs og geti byggt á þeirri reynslu og þekkingu sem hann öðlast eftir því sem líður á námið. Gert er ráð fyrir að hann kynnist skólastarfi betur og markvissar í einum skóla en ef um fleiri skóla væri að ræða, þar sem vettvangsnámið er aðeins tólf vikur á námstíma grunnskólakennaranema og fjórtán vikur á námstíma leikskólakennaranema. Kennsla og skipulag kennslu er meginverkefni kennara en það er langt í frá að hún sé það eina sem kennaranemar þurfa að kynnst á vettvangi. Vonast er til að með þessu nýja skipulagi geti skólarnir lagt sitt af mörkum til kennaramenntunar og er þáttur þeirra í mótun námsins mjög mikilvægur. Heimaskólar kennaranema eru valdir með tilliti til kjörsviða og áhugasviða kennaranemanna, auk búsetu.

Samstarf skóla og Menntavísindasviðs áfram í mótun

Vonast er til að með tímanum verði unnt að þróa samstarf Menntavísindasviðs og skólanna þannig að kennarar beggja hafi frumkvæði að samstarfi til hagsbóta fyrir kennaramenntun og skólastarfið sjálft. Til að undirstrika þetta eru skólarnir, sem hafa tekið að sér að vera heimaskólar, nefndir samstarfsskólar. Auglýst var eftir



samstarfsskólum á höfuðborgarsvæðinu, á Reykjanesi og á Suðurlandi vorið 2007 og vorið 2008 var öllum grunn- og leikskólum á landinu sent kynningarbréf. Þátttaka var góð og nú hafa verið undirritaðir samstarfssamningar til þriggja ára við um 80 grunnskóla og 80 leikskóla. Mjög er misjafnt hversu marga kennaranema hver skóli getur haft í sinni umsjón. Það er allt frá því að vera tveir og upp í fimmtán nemar. Vonast er til að heimaskólakerfið verði smám saman ávinningur fyrir alla, þ.e. kennaranema og kennaramenntun, heimaskóla og Menntavísindasvið. Í haust verða kaflaskil þegar allir kennaranemar hafa fengið heimaskóla og allt vettvangsnám í grunn- og leikskólakennarafræðum fer í fyrsta skipti fram innan þessa kerfis.

Hvað hefur breyst?

Það sem helst greinir núverandi skipulag frá því sem áður gilti gagnvart starfsvettvangi er þrennt:

- Menntavísindasvið gerir nú samning við skólastjóra grunn- og leikskóla um að skóli sé heimaskóli ákveðins fjölda kennaranema og taki þátt í menntun þeirra. Áður var samið um hvert tímabil fyrir sig við ákveðinn kennara (með samþykki skólastjóra).
- Nemar fóru í þrjá skóla á námstímanum en nú í einn (leikskólakennaranemar fara í tvo leikskóla).
- Vettvangsnámið dreifist nú yfir öll sex misseri námsins en áður fór það fram á þremur misserum.

Allir heimaskólar tilnefna **tengilið** sem sér um samskipti við verkefnisstjóra vettvangsnáms á Menntavísindasviði og skipuleggur og hefur yfirsýn yfir vettvangsnám kennaranema sem hafa viðkomandi skóla sem heimaskóla. Hlutverk tengiliða er mjög mikilvægt og hefur mikið mætt á þeim á undanförunum tveimur árum þegar kerfið hefur verið að mótast. Upplýsingamiðlun og samskipti á milli kennara á vettvangi annars vegar og Menntavísindasviði hins vegar eru smátt og smátt að komast í fastar skorður. Verið er að byggja upp **faghópa** í öllum kjörsviðum sem í eru grunn- og háskólakennarar auk kennaranema í viðkomandi grein.

Á Menntavísindasviði eru miklar vonir bundnar við aukin samskipti við vettvang. Kennaranemar í íþróttufræði stunda vettvangsnám að mestu í heimaskólunum. Frá og með haustinu 2009 kemst sameining KHÍ og HÍ að fullu til framkvæmda. Diplómanám til kennsluréttinda verður héðan í frá í kennaradeild á Menntavísindasviði og má sjá upplýsingar um vettvangsnám á öllum brautum kennaradeildar á vefnum vefsetur.hi.is/vettvangsnam/.

Það sem hér hefur verið ritað á við núgildandi skipan B.Ed.-náms. Nú er unnið að námskrá fyrir langt kennaranám og er áhugi á að auka vægi vettvangsnámsins. Ekki hefur þó verið gengið frá endanlegri skipan þess.

Sigríður Pétursdóttir
Höfundur er verkefnisstjóri vettvangsnáms í kennaradeild Menntavísindasviðs HÍ

Púlsinn á gleði, fræðslu og útrás!

Marta Eiríksdóttir kallar sig gleðipjálfa og starfrækir fyrir-
tæki sem einbeittir sér að frískandi námskeiðahaldi fyrir
almenning, stofnanir og fyrirtæki. Ég spurði Mörtu hvað
fyrirtækið hennar gerði og í hverju sérstaða þess fælist.
„Púlsinn snýst um gleði og það gerir hann sérstakan“,
segir Marta. „Ég byrjaði með Púlsinn snemma árs 2003
og hef einbeitt mér að því að skapa létt og skemmtilegt
andrúmsloft á námskeiðunum, þátttakendur læra á
meðan þeir leika sér.“ Hópefli er eitt af sérgreinum
Púlsins og Marta stýrir öllum námskeiðum og uppá-
komum í Púlsinum en hún er grunnskólakennari að
mennt og hefur jafnframt mikla reynslu af leiklistar-
kennslu. Hún hefur víðað að sér þekkingu á jákvæðum
samskiptaleiðum og hvernig fólk getur losað sig við feimni,
náð betur saman og afrekað nýja hluti.

„Það er vinsælt er að panta hópefli“, segir Marta, „en þá
tek ég heilu vinnustaðina og hristi fólk saman með dagskrá
sem vekur alltaf mikla kátínu og ánægju. Ég hef ferðast
víða um land með hópeflisdagskrána og líka með einstök
námskeið Púlsins.“

Vegna kennaramenntunar og reynslu af skapandi skóla-
starfi hefur Marta unnið mikið með starfsfólki skóla og býður
upp á skapandi hugmyndanámskeið ásamt hópeflingu fyrir
öll skólastig. Þá standa kennurum til boða fagnámskeið í
leiklist. Skólar hafa skipulagt starfsdaga sína í samstarfi við
Púlsinn með dagskrá í hópefli fyrir alla starfsmenn. Þess má
geta að Marta er líka með diplómagráðu í viðburðastjórnun
og eflaust er best að benda lesendum á að kynna sér það
sem þá fýsir um námskeiðin og námskeiðshaldarann Mörtu
á www.pulsinn.is



Marta Eiríksdóttir



keg



Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Menntavísindasviði HÍ.

Skráning á mvs-simennt@hi.is eða í
síma 525-5980

<http://vefsetur.hi.is/srr>

Kvikmyndun í skólastarfi 7. september 14:00-17:00 og
9. september kl. 14:00-17:00

Rannsóknar kennslustundir í stærðfræði (lesson
study) 7. september—16. nóvember. Sex skipti kl. 14:30-
16:00

Hagnýt ráð til að bæta samskipti og hegðun 10.
september— 5. nóvember kl. 13:30-16:30. Fimm skipti.

Einföld hreyfimyndagerð fyrir byrjendur
14. september kl. 14:00-17:00 og 16. september kl. 14:00-
17:00

Fjölmennning í ljósi samfélagsaðstæðna
14. september kl. 14:00— 17:00

Einhverfa og leiðir í kennslu og þjálfun

15. september kl. 14:00-17:00 Fyrir
umsjónarkennara

Einhverfa og leiðir í kennslu og þjálfun

17. september kl. 14:00-17:00 . Fyrir kennara og
aðra starfsmenn sérdeilda fyrir einhverfa
nemendur

Lesnámskeið í stærðfræði fyrir kennara í 1.-5. bekk

14. september, 28. september, 12. október, 9.
nóvember, 23. nóvember og 30. nóvember kl.
14:30- 16:00

Fjölbreytt

námskeið

í boði fyrir kennara

Vísindavaka 2009



Vísinda Vaka

Opið hús!

Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu

Föstudaginn 25. september

kl. 17:00 til 22:00



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Teiknisamkeppni barna

Allir með!

Í tilefni af **Vísindavöku 2009** efir Rannís til teiknisamkeppni barna **6-9 ára** og **10-12 ára**.

Efni myndanna skal vera „**Vísindin í daglegu lífi**“

Myndum skal skilað fyrir 16. september til Rannís, Laugavegi 13, 101 Reykjavík.

Verðlaun verða veitt á Vísindavöku 25. september 2009. Nánari upplýsingar á...

...www.rannis.is/visindavaka

Eflum verklega kennslu í náttúruvísindum!

Samstarfsverkefni A4 Skólavörubúðar og Árbæjarskóla

Pasco er bandarískt fyrirtæki, stofnað árið 1964, með skýran tilgang: Að útvega kennurum um allan heim framsæknar kennslulausnir innan náttúruvísinda. Nýjasta dæmi þess er SPARK námskerfið. Fyrirtækið hóf vegferð sína í bílskúr en er nú alþjóðlegur markaðsleiðtogi í þróun tæknilausna fyrir verklega náttúruvísindakennslu og þjónar kennurum og nemendum í yfir hundrað löndum.

Velgengnin liggur í samstarfi við starfandi raungreinakennara, eldhuga sem hvetja nemendur sína til dáða og efla þar með vísindalæsi þeirra. Hjá Pasco starfa um 200 fyrrverandi kennara, menntarannsakendur, verkfræðingar o.fl. sem allir helga sig því að efla árangur nemenda í náttúruvísindum.

Ár hvert kaupa íslenskir framhalds- og háskólar Pasco búnað til að efla nám og kennslu og nú hefur grunnskólinn bæst við. Samstarf A4 Skólavörubúðar og Árbæjarskóla á þessu sviði hófst 2006 og lýkur formlega á þessu ári. Sagt verður stuttlega frá því á eftir og nánar í grein Eggerts J. Levy en áður en að því kemur vil ég leita svara við eftirfarandi spurningu: Hvernig geta verklegar tilraunir með verkseðlum, áhöldum og tækjum eflt náttúrufræði innan grunnskóla? Gera verklegar tilraunir nám og kennslu sveigjanlegri og skapa þær aukinn námsáhuga og námsárangur hjá nemendum?

NAEP skýrslan


Á heimasíðu Pasco er bandarísk rannsóknarskýrsla frá árinu 2000 www.pasco.com/NAEP2000 gerð af National Assessment of Educational Progress (NAEP). Þar er mældur námsárangur grunnskólanema í náttúruvísindum. NAEP er bandarísk námsmatsstofnun sem mælir námsárangur nemenda innan ólíkra námsgreina. Stjórnálamenn og aðrir líta til niðurstaðna hennar þegar breytingar í menntamálum eru ræddar. Rannsókn NAEP náði til 49.000 nemenda í 2.078 skólum víðsvegar um Bandaríkin. Mæld var þekking og hæfni nemenda í 4. bekk (alls 777 skólar), 8. bekk (751 skólar) og 12. bekk (550 skólar) bandarískra grunnskóla. Nemendur í náttúruvísindum voru metnir út frá ólíkum sviðum, svo sem:

- Staðreyndaþekkingu
- Að geta sett staðreyndaþekkingu í víðara samhengi
- Getu til að geta notað tæki og rannsóknaraðferðir náttúruvísinda til að óðlast aukinn skilning á náttúrunni

síð náttúruvísinda, s.s. jarð-, eðlis- og lífvísindi. Þá voru mæld grundvallatriði sem ná til:

- Hugtakaskilnings
- Vísindarannsóknir
- Rökhugsunar

Niðurstöður sýna að nemendur sem nota rannsóknartæki og tölvur til að safna og greina upplýsingar ná betri námsárangri að meðaltali en þeir sem sjaldan eða aldrei nota slík tæki (sjá mynd að neðan). Því oftast sem nemendur fá tækifæri til að framkvæma verklegar tilraunir með meðal annars tölvutengjanlegum mælitækjum, því betri verður námárangur þeirra.



Samkvæmt ofangreindri skýrslu efla verklegar tilraunir náttúrufræðikennslu innan grunnskólans. Er ekki kominn tími til að efla verklega kennslu í náttúrufræði innan grunnskóla Íslands með viðurkenndum búnaði sem nýtir sér kosti upplýsinga- og tölvutækninnar? Eiga nemendur ekki rétt á því? Svo sannarlega, enda í fullkomnu samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla. Árbæjarskóli hefur látið á þetta reyna og vík ég nú að farsælum samstarfsverkefni skólans og A4 Skólavörubúðar.

Samstarfsverkefni A4 Skólavörubúðar og Árbæjarskóla

A4 Skólavörubúðin og Árbæjarskóli hafa átt í brautryðandi samstarfi undanfarin þrjú ár um að efla verklega kennslu í náttúrufræðum (þ.e. eðlisfræði á unglingastigi) með búnaði frá Pasco Scientific í Bandaríkjunum og einnig Frederiksen (samstarfsaðila Pasco í Danmörku). Samstarfshópin skipuðu tveir náttúrufræðikennara við Árbæjarskóla, þeir Arnór Árnason og Eggert J. Levi, Rúnar S. Þorvaldsson, kennari við MS og formaður Félags raungreinakennara og Óskar Sigurðsson f.h. A4 Skólavörubúðar. Skólastjórnendur Árbæjarskóla stóðu þétt að baki verkefninu,

án stuðnings þeirra hefði það aldrei orðið að veruleika.



Talið frá vintri: Ingvar Einarsson (þáv. skólastj.), Una B. Bjarnadóttir (þáv. aðstoðarskólastj.), Guðrún E. Þórhallsdóttir (aðstoðarskólastj.), Rúnar S. Þorvaldsson, Óskar Sigurðsson, Arnór Árnason og Eggert J. Levi.

Samningurinn sem var undirritaður 2006 kvað á um að efla verklega kennslu í náttúruvísindum (eðlisfræði) í 8. - 10. bekk, m.a. með notkun tölvutengjanlegra mælitækja og verkseðla.

A4 Skólavörubúðin lagði til:

- Tölvutengjanleg mælitæki frá Pasco Scientific og almenn kennslutæki frá Frederiksen til notkunar í verklegri eðlisfræðikennslu, að verðmæti rúm milljón, fyrir allt að fimmtán nemendur, afhent Árbæjarskóla til eignar.
- Sérfræðingur sem veitti ráðgjöf og kennslu fyrir kennara Árbæjarskóla vegna skólaþróunarverkefnisins. Sérfræðingur verkefnisins var Rúnar Þorvaldsson, kennari við MS og formaður Félags raungreinakennara.
- Sérfræðingur Skólavörubúðarinnar skrifaði verkseðla að tilraunum í samræmi við Aðalnámskrá í náttúrufræði. Kennarar Árbæjarskóla komu svo með breytingatillögum að verkseðlunum.
- Sérfræðingur Skólavörubúðar og kennarar í skólaþróunarverkefninu hafa leyfi til að nota hina sérútbúna kennslustofu til kynninga og námskeiðahalds á samningstímanum.



Árbæjarskóli lagði til:

- Sérstaka kennslustofu í náttúruvísindum fyrir skólaþróunarverkefnið.
- Sérútbúin kennsluhúsgögn fyrir notkun

Út frá þessum ramma voru einnig metin ólík

kennslutækjanna.

•Tölvur og prentara sem tengdir eru kennslutækjunum.

•Tvo kennara í náttúruvísindum, Arnór Árnason (í miðju á mynd) og Eggert J. Levy (t.h. á mynd), sem sinntu skólaþróunarverkefninu og þróðu m.a.verkseðla fyrir kennslutækin með sérfræðingi A4 Skólavörubúðarinnar (t.v. á mynd).

•Árbæjarskóli greiddi fyrir ráðgjöf og kennslu sérfræðings Skólavörubúðarinnar sem þörf var á hverju sinni fyrir kennara sína vegna skólaþróunarverkefnisins.

•Árbæjarskóli tók á móti þeim aðilum sem vildu kynna sér skólaþróunarverkefnið og notkun verkseðla með kennslutækjunum frá Pasco og Frederiksen.

Mat á skólaþróunarverkefninu og framvinda þess fór fram á reglulegum fundum fulltrúa A4 Skólavörubúðar og Árbæjarskóla á samningstímanum. Innan Árbæjarskóla voru ýmsir þættir metnir, meðal annars sem snúa að viðhorfi nemenda til breyttra kennsluhátta og skipulags í náttúrufræði á unglingastigi. Skólinn hlaut styrk úr Þróunarsjóði Menntaráðs Reykjavíkur til verkefnisins.

Viðhorfskönnun hjá nemendum

Á vordögum 2007 var gerð viðhorfskönnun hjá nemendum Árbæjarskóla sem framkvæmdu tilraunir í litlum hópum með hinum nýju mælitækjum veturinn 2006-2007. Notað var spurningakerfi Outcome við könnunina.

Þátttaka var 85% og kynjahlutfall þátt-takenda var 60% stúlkur og 40% drengir. Helstu niðurstöður voru þær að meirihluta nemenda (66%) fannst gaman eða mjög gaman að vinna að verklegum tilraunum í eðlisfræði. Þegar nemendur voru spurðir um vinnubrögð og vinnuframlag kom í ljós að langstærsti hluti nemenda telur að með verklegum tilraunum þurfi að sýna einbeitingu, vandvirkni og nákvæmni við framkvæmd og úrvinnslu. Um 82% nemenda sem spurðir voru töldu nýja kennsluhætti í náttúruvísindum gagnlega og kenna ný vinnubrögð.

Það er samdóma álit kennara, skólastjórnaenda og A4 Skólavörubúðarinnar að vel hafi til tekist með verkefnið. Niðurstöður könnunar á viðhorfi nemenda eru mikilvægar vísbendingar og fjölgun nemenda í náttúrufræðivali skólans lofar góðu varðandi næstu skref. Helsti ávinningur er:

- Nýir og bættir kennsluhættir sem henta náttúrufræði á grunnskólastigi (sbr. hlutbundið nám og Aðalnámskrá).
- Verklegar tilraunir með verkseðlum gera markmið náms og kennslu lifandi.
- Einstaklingsmiðaða nám. Í litlum hópum er hægt að koma til móts við ólíkar þarfir og getu nemenda.
- Námshvetjandi. Góð aðstaða og vönduð kennslutæki virka hvetjandi á nemendur.
- Breytt og bætt námsmat í kjölfar nýrra kennsluhátta.
- Fellur vel að hugmyndum um bætt og aukin tengsl grunn- og framhaldsskóla



Eggert J. Levy veitti nýlega A4 Skólavörubúð umsögn um samstarfsverkefnið. Í lok hennar segir hann meðal annars: „Þeir nemendur og kennarar sem tóku þátt í verkefninu eru ánægðir og telja að það hafi tekist mjög vel. Verkleg kennsla í eðlisvísindum er komin til að vera.“ Undir þetta tókum við af heilum hug og þökkum Árbæjarskóla ánægjulegt samstarf undanfarin þrjú ár, formlegum samningi er lokið en starfið heldur áfram! Ég hvet alla skóla til að kynna sér samstarfsverkefni A4 Skólavörubúðar og Árbæjarskóla. Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan vegna nánari upplýsinga: oskar@skola.is

Óskar Sigurðsson M.A.

Höfundur er vöru- og verkefnastjóri hjá A4 Skrifstofa og skóli.

Grein Óskars í heild er á A4.is undir Fréttir.

Verkleg kennsla í eðlisfræði á unglingastigi við Árbæjarskóla

Þróunarverkefni Árbæjarskóla um verklega kennslu í eðlisvísindum á unglingastigi er að ljúka eftir þriggja ára starf. Við þessi tímamót þykir rétt að gera grein fyrir helstu niðurstöðum verkefnisins og vonandi hafa einhverjir lesenda Skólavörðunnar gaman af að kynna sér þetta verkefni.

Verkleg kennsla fer að mestu leyti fram með tilraunum sem nemendur framkvæma, þeir vinna síðan úr gögnum og skila skriflegri skýrslu um tilraunina. Til að hámarka virknina vinna þrír nemendur saman í hverjum hóp og fimm hópar eru í hverri kennslustund.

Forsenda þess að nemendur geti framkvæmt stórar tilraunir er tilraunastofa, áhöld, ýmis mælitæki og verkseðlar. Nú eigum við um tuttugu verkseðla, sem hafa verið tilraunakenndir og þróaðir á mjög aðgengilegt form, þar sem fyrirmæli eru bæði skýr og greinargóð. Helstu viðfangsefni eru: Annað lögmál Newtons, bylgjur, bylgjulengdir ljóss, eðlisvarmi, fallhröðun, hermun og hljóðhraði, hröðun á skáfleti, lögmál Arkimedesar, meðalhraði, mælingar í straumrásum, sveiflutími pendúls, viðnáms-

mælingar og varðveisla varmans. Við framkvæmdina nota nemendur ýmist tölvutengd mælitæki eða hefðbundin til að safna saman gögnum og upplýsingum.

Á hverri önn eru fimmtán kennsluvikur til umræða sem skiptast þannig; tíu vikur fara í bóklega kennslu og fimm í verklegar tilraunir. Allar tilraunir sem nemendur framkvæma tengjast námsefninu og auka skilning þeirra á viðfangsefnunum.



Hér eru nemendur að störfum. Tilgangur: Að finna fallhröðun bolta með hreyfinema.



Eggert J. Levy

Framkvæmd

Tölvuforrit frá Pasco er tengt hreyfinema sem skynjar fall og hopp skopparabolta. Tölva safnar gögnunum saman og reiknar út fallhröðun boltans.

**Úrvinnsla**

Nemendur vinna síðan úr gagnasafninu og hver nemandi skilar skýrslu um tilraunina hálfum mánuði síðar.

Umsögn nemenda um tilraunina:

„Þetta var mjög gagnleg tilraun og nú vitum við meira um hröðun hlutar í frjálsu falli. Það er mun þægilegra og einfaldara að gera tilraun með bolta en rákarspjaldi.“

Forsenda þess að nemendur geti framkvæmt stórar tilraunir er tilraunastofa, áhöld, ýmis mælitæki og verkseðlar.

Hver er ávinningurinn með verklegri kennslu?

- Með fjölbreyttari vinnubrögðum verður árangur nemenda betri.
- Með verklegri þjálfun vex áhugi nemenda og þeir öðlast dýpri skilning á viðfangsefnunum.
- Hámarks virkni nemenda í tímum stuðlar að jákvæðu viðhorfi.
- Verkleg kennsla eykur ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Þegar nemendur framkvæma tilraunir verður skólastarfið ánægjulegra og skemmtilegra.

Náttúrufræðibraut skólans er fyrir þá nemendur 9. og 10. bekkja sem velja sér náttúrufræði sem sérgrein og fá þá vikulega; Tvær

stundir í eðlisvísindum og tvær stundir í lífvísindum. Verkleg kennsla vegur 25% af námsmati nemenda. Námið er góður undirbúningur fyrir frekara nám í framhaldsskólum landsins.

Samstarfsaðilar skólans við verkefnið voru A-4 Skólavörubúðin og Rúnar S. Þorvaldsson, kennari í Menntaskólanum við Sund. Verkefnið tókst mjög vel í alla staði og eru bæði nemendur og kennarar ánægðir. Verkleg kennsla í eðlisvísindum er orðin fastur þáttur í kennslunni hjá okkur.

Þeir sem vilja kynna sér verkefnið nánar eru hjartanlega velkomnir í Árbæjarskóla.

Eggert J. Levy
Höfundur er kennari við Árbæjarskóla.

GLEÐIÞJÁLFUN

**Sérprentaðar möppur****Bréfabindi**

egla

Gagnlegar vörur sem styrkja gott starf

Sérprentaðar plast- og bókhaldsmöppur.
Músarmottur, plastvasar og sérvinnsla.



MÚLALUNDUR

Hátúni 10c • Sími: 562-8500 • www.mulalundur.is

• vinnustaður fyrir fólk með skerta starfsorku

VERUM GÓÐ VIÐ NÁTTÚRUNA!



Trjálfarnir eru duglegir að flokka og skila

Fræðsluferðir í SORPU

SORPA býður upp á fræðsluferðir fyrir grunnskóla og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið fræðslunnar er að nemendurnir kynnist því hvað verður um ruslið þeirra. Fjallað er um endurvinnslu og það hvernig hver og einn getur haft áhrif á umhverfið til góðs með því að flokka og skila.

- Tekið er á móti allt að 30 nemendum í einu.
- Hægt er að panta ferðir klukkan 9.00 á morgnana og klukkan 13.00 eftir hádegi. Ferðin tekur um klukkustund.
- Nemendur koma með rútu, sem skólinn útvegar, á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir er að finna á www.sorpa.is.

FLÆÐI

Leikskólinn Ugluklettur í Borgarnesi

Ljósmyndir frá höfundi.

Leikskólinn Ugluklettur tók til starfa haustið 2007. Í leikskólanum eru 65 nemendur á þremur deildum og stendur hann í útjaðri bæjarins þar sem villtur gróður og náttúran eru við garðhlíðið.

Nöfnin á rýmum leikskólans eru sótt í náttúru héraðsins og heita deildirnar til að mynda eftir fjöllum Skessuhorni, Baulu og Grábrók. Þeir fræðimenn sem litið hefur verið til við þróun starfsins eru Howard Gardner og John Dewey og einkunnarorð leikskólans; leikur, virðing og gleði, endurspeglast í öllu starfi hans.

Heilsuleikskóli

Ugluklettur starfar eftir *lögum um leikskóla* frá 2008 og *Aðalnámsskrá leikskóla* frá 1999. Leikskólinn stefnir að því að verða heilsuleikskóli og komast í hóp leikskóla á Íslandi sem hafa fengið þá viðurkenningu. Unnið er nú þegar markvisst að því að skrá í heilsu-bók barnsins og farið er eftir áherslum heilsuleikskóla hvað varðar matarræði, hreyfingu og listsköpun.

Þróun starfsins

Þróun starfsins í Uglukletti hefur staðið frá því að leikskólinn tók til starfa en nú hefur ákveðin stefna verið mótuð. Haustið 2008 var byrjað að vinna með flæði og er það unnið á þann hátt að skólanum er skipt upp í stöðvar sem kennarar hafa umsjón með og börnin geta valið sér viðfangsefni eftir áhuga sínum hverju sinni. Flæði barnanna er óháð deildum en yngstu börnin taka þátt í flæðinu í fylgd kennara, þannig er tillit tekið til aldurs og þroska barnanna. Efniviður leikskólans er opinn og gefur ekki lausnir fyrirfram og umhverfið er skipulagt þannig að börnin eigi gott með að nálgast þann efnivið sem þeim stendur hugur til.

Flæðið hefst um leið og börnin koma í leikskólann en þá velja þau sér viðfangsefni. Þeim stendur svo til boða að fá sér morgunmat þegar þeim hentar á bilinu kl.8.00 til 9.00. Börnin geta svo haldið áfram með sín verkefni eða fundið sér ný og er flæðið ríkjandi úti og inni fram að hádegismat. Eftir hádegismat tekur við róleg stund á öllum deildum og að því loknu áframhaldandi flæði, bæði úti og inni.

Í samræmi við einkunnarorð leikskólans er markmiðið með flæðinu að ná fram mikilvægi leiksins og að gefa börnunum tíma til þess að þróa hann. Á Uglukletti ríkir sú trú að leikurinn sé aðal námstæki barnanna og að í gegnum hann aukist sjálfstæði þeirra og að þau fái tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum á framfæri í gegnum hann. Þessi trú er í samræmi við



Gleði er mikilvægur þáttur náms barna og með flæði næst fram jákvætt andrúmsloft þar sem hver og einn fær tækifæri til þess að vinna að sínum verkefnum.



Aðalnámsskrá leikskóla (1999) en þar kemur fram að leikurinn sé mikilvægasta þroska og tjáningarleið barna.

Flæðið gefur börnunum tækifæri til þess að velja án utanaðkomandi stýringar og velja þar með eftir áhuga sínum hverju sinni. Virðing er borin fyrir þeim fjölbreytileika sem ríkir í barnahópnum og börnin læra að stjórna eigin athöfnum og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing er borin fyrir tíma foreldra og barna og gefur dagskipulag Uglukletts foreldrum mikið svigrúm.

Gleði er mikilvægur þáttur náms barna og með flæði næst fram jákvætt andrúmsloft þar sem hver og einn fær tækifæri til þess

að vinna að sínum verkefnum. Með gleði og vellíðan að leiðarljósi verður nám barnanna jákvæð upplifun.

Á Uglukletti hefur flæðið reynst vel, börnin blómstra, þátttaka kennara er mikil og þeir bera mikla ábyrgð á því að nám fari fram hjá börnunum. Skipulag leikskólans hefur tekið mið af flæðinu og með breytingum og tilfærslum hefur skapast meira rými fyrir leiki barnanna. Dagurinn gengur vel fyrir sig, lítið er um árekstra og börnum og starfsfólki líður vel.

Starfsfólk Uglukletts

Gagn og gaman

Um gagnvirkar töflur í kennslu



Kristján Bjarni Halldórsson

Ljósmyndir frá höfund.

Gagnvirkar töflur (interactive whiteboards) njóta vaxandi vinsælda. Töflurnar nýttast fyrir allt lítróf kennsluáferða og nota má þær á öllum skólastigum og í öllum námsgreinum.

Rannsóknnum fer fjölgandi þar sem skoðað er hvernig hægt er að bæta kennslu með hjálp taflnanna. Sem dæmi má nefna að kennarar og aðrir þátttakendur í Project for Enhancing Effective Learning (PEEL) settu það rannsóknarefni efst á lista árið 2008. Rannsóknir benda til að kennarar geti bætt kennslu sína með notkun taflnanna. Þær niðurstöður koma mér ekki á óvart. Ég byrjaði að kenna með gagnvirkum töflum árið 2003 í Fjölbreyttaskóla Norðurlands vestra, en skólinn var fyrstur íslenskra framhaldsskóla til að bjóða kennslu með slíkum töflum. Reynsla mín af notkun þeirra hefur verið jákvæð og nú get ég vart hugsað mér kennslu án þeirra. Markmiðið með skrifum mínum nú er að greina lesendum frá því hvaða möguleikar felast í kennslu með töflunum.

„Tússtafla“ tengd við tölvu

Gagnvirk tafla er eins og venjuleg tússtafla (kρίrtartafla) að því leyti að hægt er að skrifa á hana og stroka út, en það sem gerir gagnvirkta töflu ólíka tússtöflu er að hún er tengd tölvu.

Listinn yfir möguleika og kosti er langur, en ég verð að láta nægja að nefna tíu:

- 1) Einfaldleiki:** Gagnvirkar töflur eru einfaldar í notkun. Það þarf ekki mikla kunnáttu til að byrja og svo getur fólk lært um nýja möguleika á þeim hraða sem því hentar best.
- 2) Fjölbreytni:** Það er einfalt að skrifa á töfluna og stroka út. Bæði er hægt að handskrifa og skrifa með lyklaborði. Lit og þykkt er hægt að breyta á með einu handtaki. Hægt er að vinna með texta, myndir, kvikmyndir, hljóð, netið og margt fleira. Kennari getur verið með mynd og texta á einum stað á töflunni, sýnt kvikmynd á öðrum stað og svo getur hann eða nemendur verið með penna á lofti og skrifað inn á töfluna. Einnig er hægt að taka upp það sem unnið er á töfluna og spila aftur sem kvikmynd.
- 3) Skipulag:** Kennarar þurfa ekki að vera við gagnvirkta töflu til að undirbúa kennslu-

Töflurnar bjóða upp á líf og fjör í stofunni og kannski það sem mestu máli skiptir: Umræður. Ekki spillir fyrir að nemendur læra upplýsingatækni í leiðinni.

stund heldur geta þeir gert það í venjulegri tölvu og kallað svo fram í kennslustund. Hægt er að vista allt sem unnið er á töflurnar í kennslustund.

- 4) Gagnvirkni:** Gagnvirkni taflnanna felst í því að streymi upplýsinga er ekki bara frá þeim, eins og fæst með tölvu og skjávarpa, heldur einnig til þeirra með því til dæmis að skrifa á þær. Nemendur og kennari þurfa ekki að vera á sama stað og því bjóða töflurnar upp á spennandi möguleika í fjarkennslu.
- 5) Yfirsýn:** Flestir kannast við flettspjöld eða flettistöflur. Gagnvirkar töflur eru í raun flettistöflur því hægt er að fletta á milli taflna. Í stað þess að stroka út það sem skrifað hefur verið á töfluna er einfaldlega hægt að fletta yfir á nýja töflu og svo er hægt að fletta til baka. Einnig er hægt að afrita töflur og því er hægt að bæta upplýsingum við í hvert skipti sem flett er, án þess að glata því sem var áður búið að gera.
- 6) Skilvirkni:** Gagnvirkar töflur gefa kennurum kost á að nýta tímann vel og leggja áherslu á það sem máli skiptir. Taka má sem dæmi kennara sem er að vinna með skýringarmyndir, í hvaða fagi sem er. Kennarinn getur undirbúið kennslustund með því að gera mynd sem ekki er fullkláruð, kalla hana svo fram á töfluna í kennslustundinni og þar getur hann klárað hana í samvinnu við nemendur, eða látið nemendur klára myndina. Þannig er kennslustundin notuð til að taka fyrir þann hluta myndarinnar sem mestu máli skiptir. Það er einnig lærdómsríkt fyrir nemendur að fá mynd á töfluna sem ekki er fullmótuð. Þeir læra af því að koma upp og vinna á töfluna, ekki síst af umræðunum sem oft skapast. Kennarinn getur svo vistað vinnu nemenda ef hann vill.
- 7) Skilvirk leiðsögn:** Gagnvirkar töflur

bjóða upp á ýmsa möguleika við leiðsögn og námsmat. Sem dæmi má nefna að kennari getur spurt nemendahóp spurningar og þeir svarað með því að nota sérstakar atkvæðamýs. Nemendur svara með því að slá inn bókstaf í fjölvalsspurningum, en sumar atkvæðamýs leyfa að slegnar séu inn tölur eða orð. Kennarinn fær þá strax viðbrögð frá öllum hópnunum, líka þeim sem ekki þora að rétta upp hönd. Hann sér hvort hópurinn hefur náð tökum á því sem spurt var um. Kennarinn getur líka notað atkvæðamýsnar til námsmats með því að setja upp spurningar á töfluna og vista svör nemenda.

- 8) Samvinna:** Hugsíð ykkur kennslustund þar sem nemendur standa upp við töflu, færa til myndir og skrifa á töfluna. Kennarinn fylgist með og leiðbeinir. Einhverjir nemendur sitja kannski við tölvuna og ná í gögn af Netinu til að færa inn á töfluna eða skrifa inn á hana af lyklaborði. Töflurnar bjóða upp á líf og fjör í stofunni og kannski það sem mestu máli skiptir: umræður. Ekki spillir fyrir að nemendur læra upplýsingatækni í leiðinni. Töflurnar henta líka fyrir ýmsa aðra samvinnu, t.d. vinnu á fundum. Síðastliðið haust heimsótti ég danskan grunnskóla þar sem töflurnar voru ekki aðeins notaðar í skólastofum heldur einnig á kennarafundum, meðal annars á kennarafundum.
- 9) Sýnikennsla:** Notkun kennsluhugbúnaðar fer vaxandi. Ef notuð er gagnvirk tafla getur kennari eða nemendur staðið upp við töfluna og komist í góða snertingu við kennsluhugbúnaðinn. Það er öðruvísi að standa upp við töflu og færa til hluti og breyta stillingum en að sitja við tölvu og breyta með músinni.
- 10) Ánægðir nemendur:** Nemendur hafa látið í ljós ánægju með töflurnar. Síðast-


liðið vor vann ég starfendarannsókn þar sem ég skoðaði hvernig ég gæti bætt virkni nemenda í kennslustundum með hjálp gagnvirkra taflna. Í viðtölum við nemendur kom fram að þeir voru ánægðir með töflurnar og fannst lítið mál að vinna á þær.

Sjón er sögu ríkari. Dæmi um notkun taflnanna er hægt að sjá með því meðal annars að fara á vef Youtube og slá inn leitarorð, til dæmis *interactive whiteboard* (IWB). Dæmi um það hvernig ég nota töflurnar í stærðfræðikennslu má sjá á myndum 1 og 2. **Mynd 1** sýnir verkefni sem ég undirbjó fyrir kennslustund um gerð formerkjamyndar. Í kennslustundinni komu nemendur upp að töflu, drógu til plúsa og mínusa og gerðu formerkjamyndir. **Mynd 2** sýnir hvernig taflan leit út eftir að nemendur voru búnir að leysa verkefnið.

Möguleikarnir með notkun taflnanna eru endalausir. Hugmyndaríkir kennarar munu finna ótal leiðir til að nota þær. Framleiðendur hafa unnið með kennurum að þróun taflnanna og í þróunarstarfinu hefur verið tekið tillit til þarfa kennara og útkoman er verkfæri sem nýtist þeim í starfi. Það verður spennandi að fylgjast með og fá að taka þátt í framhaldinu.


Kristján Bjarni Halldórsson

Höfundur er verkfræðingur og stærðfræðikennari við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra.



Mynd 1:


Taflan eins og hún leit út áður en nemendur leystu verkefnið.



Mynd 2:

Taflan eins og hún leit út eftir að nemendur leystu verkefnið.

FIMM VINIR Í LEIK OG LESTRI



Nýtt og spennandi námsefni fyrir byrjendur í lestri eftir **Rannveigu Lund**, sérfræðing í læsi. Efnið byggist m.a. á nýlegum lestrarrannsóknum á sérkennum íslenska hljóða- og ritháttarkerfisins og samanstendur af lestrarbók, vinnubók og kennsluleiðbeiningum á vefnum.



BJARTUR

| Bræðraborgarstígur 9 | Sími 414 1450 | www.bjartur.is |

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins NÁMSKEIÐ HAUST 2009

Fræðslunámskeið Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins eru ætluð þeim sem vinna með börnum með þroskaraskanir og eru jafnframt opin aðstandendum. Námskeiðin eru bæði fræðileg og hagnýt.

Meðal þess sem verður í boði á haustmisseri:

- Aspergersheilkenni og svipaðar raskanir á einhverfurófi
- Atferlispjálfun fyrir börn með einhverfu
- Börn með hreyfihömlun – þátttaka í leikskólastarfi
- Einhverfa og aðrar raskanir á einhverfurófi
- Félagssæmi og þátttaka barna með Aspergersheilkenni
- Jákvæðar leiðir til bættrar hegðunar
- Ráðagóðir foreldrar. Námskeið í hegðunarstjórnun fyrir foreldra barna með þroskaraskanir
- Ráðagóðir kennarar. Hagnýtt námskeið byggt á hugmyndafræði hagnýtrar atferlisgreiningar
- Skipulögð kennsla. Byggt á hugmyndafræði TEACCH
- Tákn með tali

Nánari upplýsingar og skráning á námskeið er á www.greining.is



Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins

121 hmanun

Fjarnámskeið

fyrir leik- og grunnskólakennara

- Mannauðsstjórnun í litlum fyrirtækjum/stofnunum.
4. sept.-2. okt. 2009
- Microsoft Office 2007-Word, Excel, PowerPoint, Outlook.
7. sept.-5. okt. 2009
- Vefsíðugerð í Microsoft Expression Web.
8. sept.-6. okt. 2009
- Fjármálalæsi. Samþætting upplýsingatækni og lífsleikni.
1. okt.-29. okt. 2009
- Mannauðsstjórnun í litlum fyrirtækjum/stofnunum.
9. okt.-5. nóv. 2009
- Microsoft Office 2007-Word, Excel, PowerPoint, Outlook.
11. nóv.-9. des. 2009
- Mannauðsstjórnun í litlum fyrirtækjum/stofnunum.
12. nóv.-10. des. 2009

fjarkennsla.com

Fjarkennsla.com – símenntun og ráðgjöf

www.simnet.is/samvil - samvil@simnet.is - s. 553 7768 - gsm. 898 7824

Íslensk framleiðsla

á stílabókum og gjafaöskjum fyrir handverksfólk

NÝTT
48 BLS



Reikningsbækur,
tvær stærðir, 7 mm rúður



Verkefna- og
úrklippubók, fjórir litir



Stílabækur,
stórar og litlar,
fjórir litir



Stílabækur A4 og A5 fjórir litir



Stílabækur, gormaðar
í tveimur stærðum



Sögubókin
mín, stór
og lítil



Reikningsbókin mín,
stór og lítil, 10 mm rúður



Skrift - æfingabækur 1,2 og 3



Úrval af
allskonar öskjum,
tilvalið fyrir
handverksfókið



SPÍRALL
prentþjónusta ehf



Bæjarhrauni 20 - Sími 553 8383

Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni

Dagana 13. og 14. ágúst sl. var haldið námskeiðið *Skólaganga barna með athyglisbrest og ofvirkni*. Metþátttaka var á námskeiðinu, sem nú var haldið í áttunda sinn, og telja námskeiðshaldarar að tímasetning hafi haft sitt að segja í þeim efnum en námskeiðið hefur áður verið haldið síðla hausts.

Námskeiðið var á vegum ADHD samtakanna, SRR á Menntavísindasviði HÍ, Félags grunnskólakennara, SAMFOK, Heimilis og skóla, Skólastjórafélags Reykjavíkur, Kennarafélags Reykjavíkur og ýmissa sérfræðinga.

Fyrirlesarar voru Páll Magnússon sálfræðingur með almennt yfirlit um ADHD, Gylfi Jón Gylfason sálfræðingur og kennari með erindi um samskipti skóla og heimila, Málfríður Lorange sálfræðingur sem hélt fyrirlestur um athyglisbrest og nám, Urður Njarðvík sálfræðingur sem fjallaði um líðan barna með ADHD í skólanum og loks Sigrún B. Cortes grunnskólakennari sem gaf hagnýt ráð við kennslu barna með ADHD.

Þátttakendur voru í umræðuhópum á milli fyrirlestra og settu fram spurningar sem þeir æsktu svara við. Almenn ánægja var með námskeiðið.

Hér verður sagt frá hluta af erindi Urðar Njarðvík en í næsta tölublaði verður staldrað við fleiri fyrirlesara enda hver öðrum betri.

Kvíðin börn í aðstæðum sem þau ráða ekki við – samantekt blaðamanns af fyrri hluta fyrirlestrar Urðar Njarðvík

Kvíði

Börn með ADHD eru ídulega kvíðin. Ástæðan? Þau eru alltaf í aðstæðum sem þau ráða ekki við. Þau hvorki skilja fyrirhæfi né muna þau. Þau tengja ekki áreiti saman jafnhvort og önnur börn. Þau missa af miklu og þurfa margar atrennur. Er einhver furða að kvíði og mótþrói geri vart við sig?

Barn með ADHD á erfitt með að hefja vinnu, það nær ekki að klára verkefnin sín, kvíðir álagi og neikvæðri athygli. Fyrir þessi börn að læra inni í bekk þar sem ekki ríkir friður er eins og fyrir fullorðna manneskju að setjast inn í þrjátíu barna afmælisveislu og gera skattaskýrsluna sína. Þetta er kvíðvænlegt líf.



Dr. Urður Njarðvík, ein margra frábærra fyrirlesara á námskeiðinu, fjallaði um líðan barna með ADHD í skólanum.

Flest börn læra af eigin mistökum og annarra en ADHD börnin gera það ekki. Þau horfa á önnur börn gera mistök og gera þau svo sjálf, fimm sinnum í röð.

Kvíði gerir það að verkum, hjá okkur öllum, að við viljum flýja. Það þýðir oft ekki að spyrja börn hvort þau séu kvíðin vegna þess að þau átta sig ekki á því. Kvíði eykur athyglisbrest og er því mikill óvinur ADHD krakka.

Raunhæf markmið og eitt skref í einu

Góðu fréttirnar eru þær að kvíða er tiltölulega auðvelt að lækna. Kvíðinn er eins og Mount Everest, barnið hugsar bara um toppinn. Með því að hjálpa því að brjóta verkefnið niður og færa endapunktinn nær gengur allt betur. Í hverju verkefni sem barnið kvíðir þarf að hjálpa því að undirbúa sig og hafa nauðsynleg hjálpartæki meðferðis, til dæmis símanúmer hjá bekkjarfélögum og vera búinn að miða út einhverja líklega, ef maður er að leita að félögum. Að taka bara eitt skref gefur tilfinningu fyrir árangri, eykur sjálfstraust og dregur úr kvíðanum.

Gott er að búa til myndrænan verkefnalista fyrir barnið eða með því. Stærðfræðibækur og aðrar skruddur er einfaldlega gott að klippa í til dæmis þrjá hluta. Hugmyndafræðin: að minnka skrefin.

Svo er það lausnin við öllum vandamálum heimsins: Jákvæð athygli og hrós!

ADHD nemendur þurfa mikla aðstoð við að hugsa jákvætt. Alltaf er gott að setja hlut-

ina fram myndrænt, til að mynda með því að teikna nemandann við vogarskálur. Ef mínusskálín er of þung verður maður leiður. Þegar barnið segir frá því hvað allt hafi verið leiðinlegt í dag er gott að segja: Ókei, settu einn PLÚS á móti. Bara einn. Kannski var hádegismaturinn í skólanum góður og þá fara vogarskálarnar nær hvor annarri og barninu líður betur.

Sá sem er neikvæður er leiðinlegur

Það er eðli okkar mannfólksins að fara í vörn andspænis neikvæðri athygli. Þá finnst manni sú manneskja leiðinleg. Og svo spilar maður sig inn í hlutverkið. Mótþrói ADHD krakka tengist hvatvísi mjög sterkt. Það er eitthvað skemmtilegt í gangi, þá kemur kennari og stöðvar þetta skemmtilega. Ef við fullorðna fólkið myndum prófa að vera jafnhvatvís værum við búin að móðga einhvern fyrir hádegi, það er lærdómsríkt að prófa!

Kennarar þurfa að læra þessa möntru: Þetta snýst ekki um mig. Þetta er ekki virðingarleysi við mig. Þetta er bremsuleysi barnsins.

Seinkaðir styrkir

ADHD krakkar búa við skort til að nýta sér seinkaða styrki. Hvatvísinn veldur því að þau geta illa nýtt sér umbun sem kemur á morgun eða í næstu viku. Eftirfarandi rannsókn sýnir þetta vel: Hópur barna fékk reikningsdæmi í hendur og var sagt að ef þau reiknuðu heila blaðsíðu fengu þau eitt kíló af nammi. Fyrir eitt dæmi fengu þau fíla-karamellu. Þau máttu velja hvort þau vildu taka sér fyrir hendur. Hvað völdu ADHD börnin? Fíla-karamelluna auðvitað.

Náttúrlegar afleiðingar koma ekki nógu hratt fyrir þessa nemendur og þess vegna setjum við öra umbun inn. Svo látum við umbunina fjara út þegar nemandinn er búinn að nema það sem við umbunuðum





ÞEGAR ÞIG VANTAR RÚTU!

Hesthálsi 10, 110 Reykjavík - www.trex.is - info@trex.is - Sími 587 6000

Tillit tekið til dægursveiflu

- Athygli barna er yfirleitt best fyrri part dags og eftir máltíðir
- Börn með ADHD leggja oft mikið á sig til að halda sig innan ramma bekkjarins og eru oft þreyttari í lok dags
- Undir lok skóladags getur barn með ADHD því haft minna úthald en önnur börn og átt erfiðara með félagsleg samskipti
- Tilfinningastjórnun minnkar einnig eftir því sem liður á daginn

Ráð við kvíða

- Myndrænn verkefnafróusti, krossa út þegar hlutum er lokið – gefur aukna tilfinningu fyrir árangri



fyrir. Ef barn með ADHD veit að það fær pening á föstudegi fyrir að vera þægt alla vikuna eru miklar líkur á að það springi á limminu og verði óþægt á mánudegi. Þá hugsar barnið: Vei, ég get verið ókeypis óþæg í viku. Þessi börn eru fljót að hugsa og miklir samningamenn. Það verður að hafa styrkina **mjög tíða** og **tengja þá sterkt við hegðun**. Nota aðvaranir **fyrir** refsingu. Og hrósa rosa-lega mikið ef barni tekst að stöðva sig í miðri óæskilegri hegðun, jafnvel þótt það sé nýbúið að lemja bekkjafélaga sinn. Horfa á augnablikið, því það er gull. Barninu tókst að stoppa sig og þar með þjálfa sjálfstjórn.

Grípum gæsina

Það bætir líka almennt andrúmsloftið í bekknum þegar kennari er óspar á hrós. Þegar nemandinn gerir eitthvað sem við viljum að hann geri þá hrósum við. Grípum sekúndurnar sem gefast.


keg

Ítarefni:
www.adhd.is
www.addinschool.com/
www.helpguide.org/mental/adhd_add_teaching_strategies.htm
www.idonline.org/article/Strategies_for_Teaching_Youth_with_ADD_and_ADHD
http://www.idonline.org/article/Strategies_for_Teaching_Youth_with_ADD_and_ADHD

Jákvæður hugsunarháttur



"Vogin" – ef margir minnar gera mann leiðan
 Lausn: "Hugsa þús fyrir hvert mínun"

PRENTSMÍÐJA SKÓLAVEFSINS
KYNNIR NOKKRAR NÝJAR BÆKURSTÍNA OG
ÁSTATÖLUR OG
TENGINGAR 1Í BÓLI
BJARNARKASPER OG
JESPER

KYNNIÐ
YKKUR NÝJAR
NÁMSBÆKUR FRÁ
SKÓLAVEFNUM

WWW.SKOLAVEFURINN.IS

NÁMSKEIÐ

handverk—heimilisiðnaður—handavinna

Textílsetur Íslands,
Kvennaskólanum
Blönduósi

24.—27. október.

prjón
hekl
gimb
spuni



TEXTÍLSETUR ÍSLANDS

· Kvennaskólanum ·
 Árbraut 31 · Blönduósi
 452 4300 894 9030
textilsetur@simnet.is
www.textilsetur.is

[COMENIUS LEIK-, GRUNN- OG FRAMHALDSSKÓLASTIG]

Landskrifstofa Menntaáætlunar Evrópusambandsins | Háskólatorgi |
Sæmundargötu 4 | 101 Rvík | S: 525 4311 | ask@hi.is

Comenius tengir saman skóla í Evrópu – styrkir til skólasamstarfs

Hastið 2009 eru haldnar Comenius tengslaráðstefnur vítt og breitt um Evrópu. Hægt er að sækja um styrki til Landskrifstofu Comeniusar til að sækja þessar ráðstefnur. Listi yfir ráðstefnur er að finna á slóðinni:

<http://www.ask.hi.is/page/comstyrkir>

Nánari upplýsingar: teva@hi.is, sími 525 5853.

Framhaldsskólanemendur eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli samkvæmt nýrri reglugerð

Þann 2. júlí sl. kom út ný reglugerð sem fjallar um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Um er að ræða nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku, eða hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í málinu. Námið skal miða að því að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í framhaldsskóla og taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Samkvæmt reglugerðinni er íslenska sem annað tungumál skilgreind svo að hún sé „námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægjanlegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna.“ Þá eiga framhaldsskólar að setja sér móttökuáætlun og hún skal taka mið af bakgrunni nemenda, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er. Reglugerðina er hægt að lesa á vef Stjórnartíðinda, stjórnartíðindi.is, og einnig á ki.is undir frétt frá 12. ágúst.

Skapandi skólastarf, opnar leiðir í námi og kennslu**Árleg ráðstefna 3f verður haldin í samstarfi við RANNUM 2. október 2009 í Háskóla Íslands.**

Að þessu sinni verður megin viðfangsefnið skapandi skólastarf. Fjallað verður um opnar og margbreytilegar leiðir sem færar eru í námi og kennslu, en árið 2009 er einmitt ár skapandi hugsunar og nýsköpunar í Evrópu.

Fyrirlesarar verða bæði erlendir og innlendir aðilar með mikla þekkingu og reynslu á sviði upplýsingatækni og skapandi skólastarfs. Fyrir hádegi verða fræðandi erindi sem tengjast viðfangsefni ráðstefnunnar og eftir hádegi verða bæði málstofur og vinnustofur.

Reynt verður að nálgast viðfangsefnið eftir bæði fræðilegum og hagnýtum leiðum.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar verður Dr. Sugata Mitra.

Dr. Sugata Mitra hefur síðustu þrjú ár verið prófessor í Educational Technology, School of Education, Communication og Language Sciences í Háskólanum í Newcastle í Bretlandi.

Sjá nánar á heimasíðu ráðstefnunnar á slóðinni radstefna.webs.com/

**Mitra og Slumdog Millionaire**

Dr. Sugata Mitra er upphafsmaður „Hóla í vegg“ tilraunarinnar í Indlandi árið 1999. Tölva var sett inn í holu á vegg í fátækrahverfi í Delhi og börnum gert kleift að nota hana án endurgjalds. Hugmyndin var að sýna fram á að börn gætu auðveldlega tileinkað sér tölvufærni án formlegrar kennslu. Sugatra kallar það MIV, eða Minimally Invasive Education. Nú eru „Hóla í vegg“ (HIW) tölvur á tuttugu og þremur stöðum í dreifbýli Indlands og hugmyndin hefur líka sáð sér í Kambódíu. Vikas Swarup las um tilraun Mitra og fékk hugmynd að bók út frá henni. Sæu var síðar kvikmynduð undir heitinu Slumdog Millionaire.

Skólinn og samfélagið – hlutverk og störf kennara á erfiðum tímum**Vantar þig fundarefni/innlegg/fyrirlesara á haustþing eða aðrar samkomur á næstunni? Þá er meðfylgjandi eitthvað fyrir þig!**

Vonahópurinn býður fram þjónustu sína á haustfundum kennara og fundum á vegum KÍ nú í haust. Þetta er hópur fólks frá Mennta- vísindasviði HÍ, Kennarasambandinu og Land- lækniseimbættinu. Hópurinn hefur komið saman til að ræða og bregðast við því hvernig best megi koma til móts við kennara og annað starfs- fólk skóla sem er að takast á við kreppuna og þ.m.t. annars konar erfiðleikum nemenda en áður hefur þekkt.

Til að efla kennara enn frekar í þessari glímu býðst hópurinn til að standa fyrir margskonar fræðslu, bæði í formi umræðufunda og einnig býðst skólum að fá til sín fyrirlesara á stærri og minni fundi.

Markmið fræðslunnar er að:

- styðja við starfsfólk skóla við þær aðstæður sem ríkja í samfélaginu,
- veita fræðslu um mikilvæg málefni sem tengjast efnahagsástandi og afleiðingum þess,
- veita fræðslu um málefni sem eru mikilvægari en nokkru sinni vegna þeirra aðstæðna sem ríkja í samfélaginu.

Skólar geta fengið til sín einn eða fleiri fyrirlesara sem fjalla um eftirfarandi þætti:

- Að fræðast um grunnatriði í því að bregðast við áföllum og kreppu. Fyrirlesari: Gunnar E. Finnbogason.
- Sjálfstyrking og styrking í starfi og að rækta samkennd og starfsgleði. Fyrirlesarar Halla Jónsdóttir og/eða Edda Kjartansdóttir.
- Þunglyndiseinkenni. Fyrirlesari: Salbjörg Bjarnadóttir.
- Varnir gegn sjálfsvígum. Fyrirlesari: Salbjörg Bjarnadóttir.
- Störf kennara, hlutverk og verkaskipting, réttindi og skyldur. Fyrirlesari: Erna Guðmundsdóttir.
- Fordómar og jaðarhópar. Fyrirlesari: Hildur S. Blöndal.

Nánari upplýsingar: Sólrún B. Kristinsdóttir forstöðumaður SRR, solrunb@hi.is, s. 525-5987

Leikskólakennari í Þórshöfn í Færeyjum langar að skifta við einn í vesturbæ Reykjavíkur

Er einhver leikskólakennari sem langar að breyta til og vinna í nokkra mánuði í Færeyjum? Frá áramótum 2010 og 4 til 6 mánuði fram.

Viltu skifta við mig? Ég vinn á yngstu deild (eins árs til tveggja og hálfs árs), í leikskóla sem heitir Dagstovnurinn á Velbastað. Ca. 60 börn í alt á 4 deildum.

Leikskólinn er nýr, verður 3 ára í haust og liggur í sérstaklega fallegu umhverfi í thorpínu Velbastaður. Velbastaður er í sama bæjarfélagi og Þórshöfn, aðeins 5 mín. að keyra á milli.

Viltu vita meira um þetta? Hringdu í Ingu Rósu Joensen.

Vinnusími : 00298 328121 lok.13

Heimasími : 00298 312797

E – mail : velbarn@torshavn.fo

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Kynbundið náms- og starfsval er ekki á undanhaldi en **Arnfríður Aðalsteinsdóttir** segir fjölmargt hægt að gera í leik- og grunnskólum til að snúa vörn í sókn.



Arnfríður Aðalsteinsdóttir

Það læra börnin sem fyrir þeim er haft

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 23. gr. Menntun og skólastarf, er kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem meðal annars skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnu-lífi.

Rannsóknir sýna að kynbundið náms- og starfsval er ekki á undanhaldi og fordómar samfélagsins og lág laun koma í veg fyrir að karlar sækji í hefðbundin kvennastörf. Kynbundið náms- og starfsval hindrar þannig einstaklinginn í að takast á við það nám og starf sem hann hefur áhuga á og hæfileika til. Það getur leitt til þess að allar leiðir eru ekki íhugaðar og sumar leiðir eru fyrirfram útilokaðar því þær eru ekki taldar hæfa viðkomandi kyni.

Þróunarverkefnið, Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skólaárið 2008-2009 tóku fimm leikskólar og fimm grunnskólar þátt í þróunarverkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*. Verkefnið er samstarfsverkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins, Jafnréttisstofu, Akureyrarbæjar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar. Menntamálaráðuneytið styður verkefnið og lagði framkvæmd þess lið ásamt Jafnréttisráði og fjölmörgum styrktaraðilum. Verkefnið, sem var hugsað til eins árs, miðar að því að auka og efla jafnréttis- og kynjasjónarmið í leik- og grunnskólum landsins.

Verkefnið er tvíþætt, annars vegar uppsetning heimasíðu www.jafnrettiiskolum.is um jafnréttismál og skólastarf og hins vegar unnu fimm leikskólar og fimm grunnskólar jafnréttisfræðsluverkefni skólaárið 2008-2009. Kennararnir höfðu frumkvæði að útfærslu og framkvæmd verkefnanna sem þeir síðan kynntu á námstefnu í Salnum í Kópavogi þann 26. maí s.l. Verkefnin eru aðgengileg á heimasíðunni og geta nýst öðrum skólum til góðra verka í jafnréttismálum. Einnig eru einstakir kennarar tilbúnir til að koma í skólaheimsóknir og kynna verkefnin sín fyrir öðrum kennurum.

Barnabókin, Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar

Leikskólinn Lundarsel á Akureyri var þátt-



Helga María Þórarinsdóttir og Þórlaug Baldvinsdóttir leikskólakennarar á Lundarseli þýddu bókina um Friðrik og Rósu og unnu kennsluleiðbeiningar með henna. Þær eru hér á myndinni með Louise Windfeldt höfundi bókarnar. Talið frá vinstri: Louise, Helga María og Þórlaug.

takandi í verkefninu og notaði dönsku barnabókina *Den dag da Frederik var Frida / Den dag da Rikke var Rasmus* í heimspektivinnu með börnunum. Bókinni er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Þórlaug Baldvinsdóttir leikskólakennari í Lundarseli þýddi bókina á íslensku og starfsfólk skólans vann kennsluleiðbeiningar með henni.

Bókin er eftir Louise Windfeldt og Katrine Clante og samanstendur af tveimur sögum: Sögunni um Friðrik og sögunni um Rósu. Morgun einn vakna börnin sem gagnstætt kyn og þá kemur ýmislegt í ljós. Við fylgjumst með þeim einn dag, bæði heima og í leikskólanum og fáum að upplifa væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra út frá kyni.

Lítið er til af góðu og aðgengilegu jafnréttisfræðsluefni fyrir börn á leikskólaaldri og börn á yngsta stigi í grunnskóla. Þeir sem standa að þróunarverkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* vilja bæta úr þessu og telja að bókina um Rósu og Friðrik geti nýst vel í jafnréttisstarfi með yngstu börnunum. Mikilvægt er að bókina sé aðgengileg öllum þeim sem vilja efla jafnréttisfræðslu. Því mun öllum leikskólum og grunnskólum landsins ásamt bókasöfnum verða gefið eintak af bókinni sem fer í dreifingu nú í haust.

Kynjafræði og kennaramenntun

Forsenda markvissrar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum eru vel menntaðir kennarar á sviði jafnréttis og kynjafræði. Að jafnaði

Verkefnin eru aðgengileg á www.jafnrettiiskolum.is og geta nýst öðrum skólum til góðra verka í jafnréttismálum. Einnig eru einstakir kennarar tilbúnir til að koma í skólaheimsóknir og kynna verkefnin sín fyrir öðrum kennurum.

Jafnréttisstofa er farin af stað með endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara og var fyrsta námskeiðið haldið í Fjarðabyggð mánudaginn 17. ágúst s.l. Jafnréttisstofa býður einnig upp á styttri námskeið og fyrirlestra í einstökum skólum.

hafa ekki verið sérstök námskeið í kynjafræði í kennaranáminu, þótt sums staðar hafi verið hægt að sækja valnámskeið á þessu sviði. Líklegt er að þetta valdi því að hægt gengur að samþætta kynjasjónarmið við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og upplýsingastarfi.

Jafnréttisstofa er nú í haust að fara af stað með endurmenntunarnámskeið fyrir starfandi kennara og var fyrsta námskeiðið haldið í Fjarðabyggð mánudaginn 17. ágúst s.l. Jafnréttisstofa býður einnig upp á styttri námskeið og fyrirlestra í einstökum skólum. Markmiðið er að styðja skólayfirvöld og skólastjórnendur við að fara að lögum og innleiða jafnréttisstarf og jafnréttisfræðslu inn í allt skólastarf.

Norræn ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum

Á þessu ári fer Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni og er jafnréttis-

fræðsla í skólum eitt af forgangsverkefnum nefndarinnar. Í haust verður haldin hér á landi ráðstefna á vegum nefndarinnar þar sem fyrirmyndarverkefni frá öllum Norðurlöndunum á sviði jafnréttisstarfs í skólum verða kynnt. Ráðstefnan hefst að kvöldi 21. september, hún fer fram á skandinavísku og verður túlkuð.

Ráðstefnan er öllum opin og hún er kjörinn vettvangur fyrir skólafólk, foreldra, fræðimenn, stjórnmalamenn og alla þá sem vilja fræða og fræðast um jafnrétti í námi og starfi. Á ráðstefnunni verður lögð áhersla á að kynna efni sem veitt getur innblástur til góðra verka í jafnréttismálum í bland við fræðileg erindi.

Að lokum

Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu færum við ungu fólki tækifæri til að taka ákvarðanir varðandi framtíð sína á eigin forsendum, óháð heftandi staðal-

Norræn ráðstefna um jafnréttisfræðslu í skólum verður á Grand Hótel dagana 21. og 22. september n.k. Skráning og nánari upplýsingar má nálgast á vefslóðinni **formennska2009.jafnretti.is**

Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 14. september. Kynningarbásar og borð verða á ráðstefnunni og lesendum sem hafa áhuga á að kynna áhugavert efni og/eða starf á sviði jafnréttisfræðslu í skólum geta bókað pláss hjá Arnfríði Aðalsteinsdóttur, **arnfridur@jafnretti.is**

myndum kynjanna og hefðbundnu starfsvali. Það mun nýtast þessum einstaklingum auk þess sem hæfileikar þeirra munu gagnast samfélaginu í heild. Við hvetjum skólafólk, foreldra og aðra sem láta sig framtíð barnanna okkar varða til að leggja sitt af mörkum til að efla jafnréttisstarf í skólunum landsins. Þannig getið þið stuðlað að jafnri stöðu stráka og stelpna og haft áhrif á framtíðarviðhorf til jafnréttismála hér á landi.

Nánari upplýsingar veitir Arnfríður Aðalsteinsdóttir, verkefnisstjóri á Jafnréttisstofu.

arnfridur@jafnretti.is - sími 460-6200

Faghandleiðsla fyrir kennara og námsráðgjafa



Handleiðsla er líkleg til að stuðla að vellíðan í starfi. Hún er fyrirbyggjandi þáttur varðandi starfsþreytu, skerpis markmiðssetningu og eflir samskiptahæfni. Nýttu þér rétt þinn til handleiðslu, sbr. 3. gr. í úthlutunarreglum sjúkrasjóðs frá 1.des 2005.

Guðrún H. Sederholm
MSW fræðslu – og skólafélagsráðgjafi,
námsráðgjafi og kennari.

Lágmúla 9, 4.h.th. / S: 5544873 / Gsm: 8645628
gsed@simnet.is

BORGARHJÓL sf.

Hverfisgata 50, s: 5515653

Borgarhjol@simnet.is

Alhliða skerpingar fyrir mötuneyti, handavinnu-kennara, skóla og heimili.

Reiðhjólstoðir fyrir skóla og heimili.






SPARK námskerfið fyrir náttúruvísindi

ekki einungis vél- og hugbúnaður,
heldur samþætt námsumhverfi
fyrir náttúruvísindi

Með stórum litasnertiskjá, snjallri gagnasöfnun og greiningamöguleikum gefur SPARK orðasambandinu „auðvelt í notkun“ algerlega nýja merkingu - og athygli nemandans er beint að náttúrufræðináminu. Traust, notendavæn hönnun SPARK veldur því að auðvelt er að halda á tækinu, það er varið ef það fellur til jarðar, einnig gegn slæmri meðferð og skjárin er vatnsheldur.

SPARK námskerfið fyrir náttúruvísindi inniheldur yfir 60 ókeypiss, uppsettar SPARKtilraunir™ - grunntilraunir út frá verkseðlum á einstæðu tölvubókarformi. Þessar SPARKtilraunir samþætta fullkomlega grunnnámsefni, gagnasöfnun og gagnagreiningu, jafnvel námsmat – allt í sama umhverfinu. Nemendur þurfa ekki lengur að leita að ólíkum skráum til að sækja leiðbeiningar, eða að vísa í handbækur. Allt sem þú og nemendur þínir þurfa er tilstaðar hér í samhengi.



Yfir 60 uppsettar
SPARKtilraunir™



Yfir 70 Pasport-nemar
fáanlegir




Hleðslu- og geymslustöð
fyrir 10 SPARK tæki



Starfsþróun og stuðningur

PASCO®

Vegna nánari upplýsinga, heimsækið:
www.pasco.com/spark



ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Sparisjóðirnir á Íslandi
óska handhöfum
Íslensku menntaverðlaunanna 2009
innilega til hamingju

Verðlaunahafar
Helgi Grímsson
Þorvaldur Jónasson
Sylvía Pétursdóttir
Norðlingaskóli



SAMBAND ÍSLENSKRA
SPARISJÓÐA

